

ESTHER TALÍA CASEY

### Ræktar kóríander og graslauk í garðinum

• heimili  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PORLEIFUR ÖRN ARNARSSON

### Tekst á við Rómeu og Júlíu

Yfirborðskendur farsí  
FÓLK 26



JANUS BRAGI JAKOBSSON

### Heimildarþættir á netinu um lífið á Vestfjörðum

FÓLK 20



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. júní 2009 – 134. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



### Mikið breyst frá stofnun

Gigtarmiðstöðin fagnar 25 ára afmæli.

TÍMAMÓT 16

### Spurningakeppni um fótbolta

Kolbeinn Tumi Daðason og Björn Berg Gunnarsson halda pöbba-spurningakeppni um fótbolta.

FÓLK 26



### Um verðtrygginguna

„Á síðustu árum hefur verðtryggingin ekki haft neikvæð áhrif á lántakendur enda hafa laun haldið í verðlagsþróun og gott betur,“ skrifar Kjartan Broddi Bragason.

Í DAG 14




### Tap gegn Hollandi

Möguleikar Íslands á að ná öðru sæti síns riðils minnkuðu verulega eftir tap gegn Hollandi.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG



**SÚLD VESTANTIL** Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt, bjart með köflum suðaustan- og austan til en skýjað að mestu norðvestanlands. Dáltil rigning eða súld af og til, einkum vestanlands. Híti 8-14 stig.

VEÐUR 4

# Sala hvalkjöts er í uppnámi

Innflutningsfyrirtækið sem Hvalur hf. hefur skipt við ætlar ekki að flytja inn hvalkjöt til Japans. Ársneysla á hvalkjöti þar er um 4.000 tonn. Langreyðar sem flytja á út eru um 6.000 tonn.

**SIÁVARÚTVEGUR** Lítill sem enginn markaður er fyrir hvalkjöt í Japan, samkvæmt forstöðumanni innflutningsfyrirtækisins Asian Trading Co. Ltd. í Japan. Fyrirtækið hefur verið aðalkaupandi afurða Hvals hf. í Japan.

Forstöðumaðurinn segir að fyrirtækið ætli ekki að flytja inn hvalkjöt frá Íslandi í ár. Þetta kemur allt fram í upptöku af símasamtali milli manns frá Greenpeace og forstöðumannsins frá því 7. maí, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í samtalinu segir forstöðumaðurinn að Japanar borði lítið sem ekkert hvalkjöt lengur og unga fólk

sé afhuga því. Neysla á hvalkjöti er um 4.000 tonn árlega í Japan, samkvæmt forstöðumanninum, þar með talin neysla á höfrungum.

Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals, segir að ætlunin sé að selja allar langreyðarnar til Japans í gegnum Asian Trading. Um 150 langreyðar á að veiða, sem gera a.m.k. um 6.000 tonn. Í fyrra flutti Hvalur hf. um 80 tonn til Japan í gegnum Asian Trading.

„Það geta allir deilt um það til eilífdar hvað Japanar borða mikið á ári,“ segir Kristján. Hann segir lægð vera í efnaáhrifum í Japan

sem stendur og verð hafi lækkað, en hann hafi ekki áhyggjur af því að enginn markaður sé í Japan.

„Menn eru ekki að hugsa bara til ársins í ár heldur til framtíðar. Að komast í gang eftir svona langan tíma er mjög dýrt,“ segir Kristján.

Kristján segist hafa talað við forstöðumann Asian Trading og hann hafi neitað því að hafa talað við Greenpeace.

„Ef þetta er samtal við hann þá er þetta eitthvað sem Greenpeace hefur búið til. Þeir vinna þannig,“ segir Kristján.

Í samtali við Fréttablaðið stað-

festi maðurinn, sem Greenpeace segist hafa talað við, að hann væri forstöðumaður Asian Trading. Hann vildi hins vegar ekki tjá sig frekar um málið.

Nokkrir félagar í Greenpeace komu til Íslands í gær, sunnudag, til að eiga fund með stjórnvöldum og stjórnmalámonnum.

„Ástæða þess að við erum að koma er að við viljum sýna stjórnvöldum fram á að það sé enginn markaður fyrir hvalkjöt í Japan,“ segir Wakao Hanaoka hjá Greenpeace í Japan, sem átti samtalið við forstöðumann Asian Trading fyrir hönd samtakanna.

- vsp



**FURÐUFISKAR VÖKTU LUKKU** Á Bótabyrgju gaf um helgina að líta ýmsa fiska sem Hafrannsóknastofnunin hefur sankað að sér. Þar voru til sýnis helstu nytjafiskar við Íslandsstrendur auk fjölmargra fiskitegunda sem finnast í úthafinu og koma sjaldan fyrir sjónir almennings. Má þar nefna Gulleplu og Bramafisk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Belgíska ríkissjónvarpið:

## Vildu mynda undaneldi

**FÓLK** Belgíska ríkissjónvarpið lét taka upp þátt um íslenska hestinn um helgina. Farið var með hópinn í hestaferð og var komið við á Kjóstöðum og Þóroddstöðum. Þátturinn, sem er mikils metinn í heimalandinu, fjallar um dýralíf í ýmsum löndum og er sýndur á besta tíma.



SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR

Leiðsögumaður Íshesta, Svandís Dóra Einarsdóttir, leiddi hópinn um Austurland, en beðið var sérstaklega um kynni við íslensku sauðkindina. Þá vildu sjónvarpsmennirnir ná myndum af íslenskum stóðhesti að verki, en til þessa var farið á Þóroddsstaði, og heimsóttur einn fremsti stóðhestur landsins, Þóroddur sjálfur.

- kbs / sjá síðu 26

Stjórnarmaður í Borgarahreyfingunni boðar til mótmæla á Austurvelli:

## Icesave-sátt rædd á Alþingi

**STJÓRNMÁL** Samkomulag um skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave-innistaðna verður til umræðu á Alþingi í dag. Baldvin Jónsson, sem er í stjórn Borgaraflokksins, hefur boðað til mótmæla á Austurvelli klukkan þrjú þar sem því er mótmælt að gengið verði að þessu samkomulagi.

Þórolfur Matthíasson hagfræðiprófessor segir að Íslendingar megi nokkuð vel við una þótt hann

skilji vissulega gagnrýni þeirra sem hefðu viljað láta á það reyna að fá hagstæðari úrlausn. Segir hann það mikilvægt að með samkomulaginu sé komið í veg fyrir að Íslendingar lendi í skaðabótamálum fyrir að mismuna kröfuhöfum. Einnig sé mikilvægt að sett hafi verið hámark á þann skaða sem við hljótum af málinu og hann sé lægri en það sem miðað var við þegar gert var upp við íslenska

kröfuhafa. Einnig séu möguleikar á að málið verði endurskotið eftir sjö ár þegar tvönn stjórnarskipti, að minnsta kosti, hafi átt sér stað í Bretlandi.

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur segist hins vegar eiga erfitt með að skilja af hverju Íslendingar reyndu ekki að vinna þeim málstað fylgis að Bretar ættu að sitja uppi með skuldbindingarnar.

- jse / sjá síðu 4

muundu eftir mjólkinni!

**muu**

6 tommu bátur **349** krónur

Kafbátur mánaðarins • júní

**Sterkur ítalskur**

Með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósam.

**SUBWAY**

**Ifö**

Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18

Smiðjuvegi 76 | Baldursnesi 6  
Kópavogi | Akureyri  
Sími 414 1000 | Sími 414 1050



Andrés, hlýtur ekki Ólafur eða Eiður titilinn?

„Það koma allir góðir Evrópusinnar til greina.“

Evrópusamtökin munu kynna Evrópu-mann ársins á miðvikudaginn. Ólafur Stefánsson var Evrópumeistari í handbolta og Eiður Smári Guðjohnsen í fótbolta. Andrés Pétursson er formaður Evrópusamtakanna.

Fundað með fjármálin:

## Línur að skýrast um niðurskurð

**EFNAHAGSMÁL** „Maður sér að menn eru komnir á fullt að vinna að þessu,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka



VILHJÁLMMUR EGILSSON

atvinnulífsins, en hann sat á fundi Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra í gær ásamt fulltrúum Alpýðusambandsins, BSRB, BHM og fleiri. Ráðherra gerði grein fyrir því hvernig ríkið hygðist spara tuttugu milljarða á þessu ári og 150 milljarða á næstu þremur. Í lok þessarar viku verða tillögurnar er varða einungis þetta ár kynntar í þinginu en hinar síðar í mánuðnum. -jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur í Borgarnesi

Tveir ökumenn um tvítugt voru handteknir undir áhrifum fíkniefna af lögreglunni í Borgarnesi á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags. Auk þess voru ellefu ökumenn stöðvaðir fyrir hraðakstur.

### Slys í Súgandafirði

Karlmaður á sextugsaldri var fluttur alvarlega slasaður með flugi á sjúkrahús í Reykjavík eftir umferðarslys í Súgandafirði gærmorgun.

### Sjálfsvíg fanga í rannsókn

Bráðabirgðaniðurstöðu er hugsanlega að vænta í dag vegna rannsóknar á láti fangans sem framdi sjálfsvíg í lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

### Bílfelta á Gjábackavegi

Bílfelta varð á Gjábackavegi um þrjú-leytið í gær. Slysið varð þegar tveir bílar mættust á veginum og fór annar þeirra út af og stöðvaðist á toppnum. Að sögn lögreglunnar á Selfossi slasaðist enginn alvarlega.

Brown vill ekki segja af sér þrátt fyrir mikinn þrýsting:

## Brown heldur vígreifur áfram

**LONDON** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, ætlar ekki að segja af sér embætti þrátt fyrir mikinn þrýsting frá Falconer lávarði, fyrrverandi dómsmálaráðherra landsins.

Á verkamannaráðstefnu í London sem fram fór í gær sagði Brown að hann ætlaði að standa með fólkinu á þessum erfiðu tímum. Falconer lávarður sagði í samtali við BBC að hann efaðist um að samstaða innan Verkamannaflokksins myndi haldast ef Brown héldi áfram um stjórnartaumana. Falconer var einn nánasti samstarfsmaður Tonys Blair, fyrrverandi leiðtoga Verkamannaflokksins, og hefur



GORDON BROWN Forsætisráðherra svaraði gagnrýnendum fullum hálsi á fundi í London í gær. NORDICPHOTOS/AFP

verið sakaður um að styðja ekki Brown í embætti. Þá hefur Peter Hain, ráðherra Wales, sagt að niðurstaða kosninganna til Evrópuþingsins muni verða skelfileg.

Innanríkisráðherra Alan Johnson, sem er talinn líklegastur til að taka við af Brown, sagðist ósammála Falconer. „Ég held að Brown sé besti maðurinn í starfið.“

Á ráðstefnunni í gær hóf Brown ræðu sína á léttu gríni en sagði svo: „Hvað myndi fólk halda um ríkisstjórn Verkamannaflokksins sem stæði frammi fyrir efnahagskreppu en sneri baki við fólki í hvert skipti sem það þyrfti á henni að halda? Við ætlum að standa með fólkinu og vinna úr vandanum með því.“ Sex ráðherrar úr stjórn Verkamannaflokksins hafa sagt af sér embætti á síðustu vikum. -ve

## Segir ráðherra hóta Seðlabanka óbeint

Þingmaður Samfylkingar segir óeðlilegt að heilbrigðisráðherra hótí Seðlabankanum óbeint þótt honum líki ekki við ákvörðun peningamálanefndar. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir ráðherra verða að þola aðhaldið og gagnrýnina.

**STJÓRN MÁL** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingar, gagnrýnir Ögmund Jónsson heilbrigðisráðherra harkalega vegna ummæla sinna í Fréttablaðinu á laugardag. Þar ber hann upp þá hugmynd að breyta lögum um Seðlabankann þannig að hann verði ekki sjálfstæð stofnun.

„Ég tel það mjög óheppilegt að ráðherra sé óbeint að hótá Seðlabankanum með þessum hætti,“ segir Sigríður Ingibjörg. Hún segir mikilvægt að peningamálanefnd Seðlabankans verði áfram óháð ríkisstjórninni og veiti henni aðhald með ríkisfjármálin. Hún vísar síðan í ákvörðun Seðlabankans um að lækka stýrivexti einungis um eitt prósent en Ögmundur gagnrýndi einmitt þá ákvörðun. „Augljóslega vill bankinn fá beinar tillögur í hendurnar frá ríkisvaldinu í stað þess að fá aðeins munnleg vilyrði. Með því er verið að sýna ríkinu aðhald og þá væri ráðherra hollara að bregðast við með því að búa svo um hnúta í sínu ráðuneyti að hægt verði að lækka vexti í stað þess að vera með svona óbeinar hótanir.“

Hún segir þó peningamálanefnd alls ekki hafna yfir gangrýni. „Við getum vissulega haft okkar skoðanir á þeim ákvörðunum sem teknar eru í Seðlabankanum en það er einnig mikilvægt að þær ákvarðanir séu teknar á faglegum forsendum en ekki pólitískum. Eins og málum er nú háttá held ég að við getum treyst því að svo sé, í það minnsta tel ég hann hafa staðið faglega að málum.“

Bjarni Benediktsson, formaður



SEÐLABANKINN Stjórnarþingmaður vill að bankinn verði áfram sjálfstæð stofnun, ólíkt því sem heilbrigðisráðherra vill. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



ÖGMUNDUR JÓNSSON



SIGRÍÐUR INGI-BJÖRG INGADÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON

Sjálfstæðisflokksins, segir þessa hugmynd afar óskynsamlega. Ráðherra verði að þola aðhaldið og gagnrýnina. „En það kemur ekkert á óvart að fá hugmynd úr þessari átt sem miðar að því að koma sem mestu ákvörðunarvaldi undir stjórnmalamann,“ segir hann.

„Það sem ráðherra, sem er óánægður með vaxtaákvörðun Seðlabankans, þarf að gera er að líta sér nær. Stjórnarinnar bíður skýrt afmarkað verk efni og það er að skapa traust og tiltrú á að hún hafi náð utan um vandann og sé með trúverðugar tillögur um hvernig skuli unnið á honum. Þessu hefur hún ekki risið undir svo það ætti ekki að koma þessum mönnum svo á óvart að vaxtalækkunarferlið sé ekki hraðara en þetta.“ jse@frettabladid.is

Kosningar til Evrópuþingsins:

## Hægrisveifla í Evrópuþinginu

**STJÓRN MÁL** Kosningum til Evrópuþingsins hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins lauk í gær. Hægrimiðjuflokkar í mörgum af stærstu ríkjum Evrópu fengu bestu kosninguna samkvæmt fyrstu tölum. Vinstriflokkar í löndum á borð við Frakkland, Ítalíu og Þýskaland misstu því fylgi sitt.

Fyrstu tölur sýndu að hægrimiðjuflokkar myndu fá á bilinu 263-273 sæti í þinginu, sem hefur alls 736 þingsæti. Talið var að vinstriflokkar fengju á bilinu 155-165 sæti. Eva Joly, ráðgjafi embættis sérstaks saksóknara á Íslandi, náði kjöri. -fb



BRÁK ÚR VÉLINN Brasilískir hermenn við brak úr Air France-flugvélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allir í vél Air France taldir af:

## Sex lík hafa fundist í sjónum

**BRASILÍA, AP** Brasilíski flugherinn greindi frá því í gær að fjögur lík til viðbótar hefðu fundist í Atlantshafi nærri þeim stað þar sem talið er að farþegavél Air France hafi brotlent fyrir viku síðan, en áður höfðu tvö lík fundist á svipuðum slóðum.

Talsmenn hersins sögðu enn fremur að menn sem leituðu úr lofti hefðu komið auga á nokkur lík til viðbótar og sent skip á vettvang. Þá fundust tvö farþegasæti merkt Air France á floti í sjónum.

Líkin fundust um sjötíu kílómetra frá þeim stað þar sem tilkynning barst frá vélinni um að eitthvað alvarlegt væri á seyði. Alls voru 228 manns um borð og eru allir taldir af. -ve

Ungur Akureyringur:

## Ákærður fyrir hráka í hálsmál

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, en honum er gert að sök að hafa ráðist að tveimur lögreglumönnum við skyldustörf á Akureyri í júní í fyrra.

Samkvæmt ákæru skallaði hann tvo lögreglumenn á þritugsaldri í andlitið, og hrækti tvegis ofan í hálsmál annars þeirra. Báðir lögreglumennirnir mörðust í framan. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir helgi. Sakborningurinn tók sér frest til að taka afstöðu til ákærufnisins. -sh

Karlmaður á þritugsaldri:

## Í gæsluvarðhald vegna fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þritugsaldri situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að innflutningi á töluverðri magni af fíkniefnum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni í Reykjavík.

Maðurinn var handtekinn 22. maí vegna málsins og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 2. júní. Vegna rannsóknarhagsmuna var varðhaldið framlengt til 12. júní. Maðurinn færði báða gæsluvarðhaldsúrskurðina til Hæstaréttar, sem staðfesti fyrri úrskurðinn en hefur enn ekki tekið afstöðu til síðari kærunnar. -fb

Kveikt í einbýlishúsi við Kleppsveg:

## Þrír menn í gæsluvarðhald vegna íkveikju

**ELDSVÖÐI** Maðurinn sem slapp út úr eldsvoða í einbýlishúsi á Kleppsvegi á laugardagsmorgun var í töluverðri lífshættu að sögn lögreglunnar í Reykjavík. Hann náði að koma sér út um dyrnar eftir að bensíni hafði verið skvett yfir innanstokksmuni og kveikt í.

Að sögn lögreglunnar varð framhlið hússins mjög fljótt aelda og því þyrfti maðurinn, sem er á sextugsaldri, að hafa sig allan við til að komast út í tæka tíð. Var hann heill á húfi þegar fyrsti bíll slökkviliðsins kom á vettvang. Töluverður eldur var þá í húsinu sem teygði sig upp í risið.

Þrír karlmenn sem voru handteknir vegna eldsvoðans hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Konu sem var einnig



HÚSIÐ Á KLEPPSVEGI Einbýlishúsið sem brann á Kleppsvegi er talið nánast ónytt eftir eldsvoðann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

handtekin hefur verið sleppt. Fólkið, sem er allt á þritugsaldri, hefur áður komið við sögu lögreglu. Málið er í rannsókn og gat lögreglan því ekki tjáð sig um hvað fólkinu gekk til. Húsið, sem er á horni Langholtsvegur og Kleppsvegur, er talið nánast ónytt. -fb

ora

Ástríða í matargerð

www.ora.is

NÝ VARA



Hvað er í matinn?

Ljúffengar kjötbollur í brúnni sósu frá Ora.

...einfalt, fljótlegt og gott!

# Úthýstu vandræðunum og settu tölvu-, net- og símkerfið í Vist

- Afritun gagna, þjónusta og vöktun allan sólarhringinn
- Fastar og fyrirsjáanlegar mánaðargreiðslur auka hagræði
- Fagleg ráðgjöf við skipulagningu fjarskipta- og upplýsingatækni fyrirtækisins
- Öll þjónusta við síma, net og tölvukerfi hjá einum og sama aðila

Komdu með öll kerfi fyrirtækisins í Vist og losaðu þig um leið við áhyggjur og óþarfa kostnað.

800 4000 • [siminn.is](http://siminn.is)

Það er **Síminn** 

**[SPARAÐU]**  
TÍMA OG FJÁRMUNI Í VIST

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	122,24 122,82
Sterlingspund	196,59 197,55
Evra	173,24 174,2
Dönsk króna	23,257 23,393
Norsk króna	19,28 19,394
Sænsk króna	15,827 15,919
Japanskt jen	1,2615 1,2689

SDR	173,24	174,2
-----	--------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
210,2287  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forstöðumaður Evrópufræðaseturs segir niðurstöðu Icesave-samninga lélega:

# Beittum rangri hernaðarlist

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar gerðu taktísk mistök í upphafi Icesave-deilunnar, þegar þeir lýstu yfir efasemdum um fyrirkomulag endurgreiðslna á EES-svæðinu, segir Eiríkur Bergmann, forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.



**EIRÍKUR BERGMANN** Segir alþjóðasamfélagið hafa snúist gegn Íslendingum þegar Þingvallasstjórnin lýsti yfir efasemdum um forsendur vestræns bankakerfis. miklu meira í húfi en Icesave-reikningarnir. Hin ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er auðvitað sú að við erum utan ESB og getum ekki tekið málið upp á vettvangi

þess. Það er útilokað að Bretar hefðu getað komið svona fram við annað Evrópusambandsríki," segir Eiríkur.

Um ábyrgð núverandi ríkisstjórnar segir hann að hún hafi ekki tekið við góðri stöðu. En stjórnin hafi heldur ekki nýtt þau sóknarfæri sem buðust, til að mynda þegar fjárlaganefnd breska þingsins gaf út skýrslu sem sagði beitingu hryðjuverkalaganna óréttlætlanlega.

„Við höfðum átt að beita þessari augljósu röksemd. Og með því hefðu Bretar ekki þurft að gera fordæmi úr okkar máli fyrir banka annarra ríkja," segir hann. - kóp

# Hótar Norður-Kóreumönnum

**WASHINGTON, AP** Bandarísk stjórnvöld ihuga nú að setja Norður-Kóreu aftur á lista yfir ríki sem styðja við hryðjuverk. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lýsti þessu yfir í sjónvarpsviðtali á sunnudag.

Tilraunir með kjarnorku og eldflaugar hafa færst í aukana hjá kommúnistastjórninni í Norður-Kóreu á síðustu vikum og er jafnvel talið að hún sé að útvega öðrum þjóðum efni til kjarnorkutilrauna.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur þegar rætt hugsanlegar þvingunaraðgerðir gagnvart Norður-Kóreu. - ve



HERMAÐUR Í ACAPULCO Skotbardaginn stóð yfir í tvær klukkustundur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðist gegn fíkniefnasölum:

# Sextán létust í skotbardaga

**MEXÍKÓ, AP** Sextán létust og nokkrir slösuðust í skotbardaga sem braust út milli hermanna og fíkniefnasala í borginni Acapulco í Mexíkó í gær. Fimmtán þeirra sem létust voru úr glæpagenginu.

Skotbardaginn hófst þegar hermennirnir komu að húsi fíkniefnasalanna. Hermennirnir höfðu fengið ábendingu um að að ólögleg starfsemi færi fram í húsinu en þegar þeir komu að létu glæpamennirnir skotum rigna yfir þá auk þess sem þeir köstuðu handsprenjum. Skotbardaginn stóð yfir í tvo tíma og barst meðal annars út á götu. - ve

Fjallgöngumenn björguðust:

# Villtust í þoku á Esjunni

**BJÖRGUN** Um áttatíu björgunarsveitarmenn leituðu að konu sem villtust í þoku á toppi Esjunnar á laugardagskvöld.

Á meðan konan beið þess að verða bjargað rakst hún á tvo kanadíska fjallgöngumenn sem voru einnig villtir. Símasamband var við hópinn og var afráðið að hann héldi kyrru fyrir þar til björgunarsveitarnir myndu hann. Íslendingur, þaukunnugur fjallinu, gekk fram á hópinn skömmu síðar og fylgdi hann fólkinu heilu á húfi niður til móts við björgunarsveitarmenn. - fb

# Ríkisstjórnin kynnrir samkomulag vegna Icesave

Samkomulag um Icesave-skuldbindingar var undirritað aðfaranótt sunnudags. Það verður borið undir þingheim í dag. Bretar munu samkvæmt því aflétta kyrrsetningu eigna Landsbankans.

**EFNAHAGSMÁL** Samninganefnd um skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave undirritaði aðfaranótt sunnudags samkomulagið við Breta og Hollendinga. Í framhaldi af því boðaði breska fjármálaráðuneytið að kyrrsetningu eigna Landsbankans í Bretlandi verði aflétt hinn 15. júní næstkomandi.

Með samkomulaginu ábyrgjast Íslendingar innstæður eigenda Icesave-reikninganna upp að því lágmarki sem tilskipun Evrópusambandsins gerir ráð fyrir. Það eru 20.887 evrur á hvern reikning eða samtals um 660 milljarðar króna miðað við núverandi gengi. Hollendingar og Bretar veita lán til fimmtán ára með 5,55 prósentu vöxtum svo hægt verði að standa við þessar skuldbindingar. Aftur á móti þarf ekki að greiða vexti fyrstu sjö árin því þá er gert ráð fyrir því að Tryggingasjóðurinn geti nýtt það sem fæst úr þrotabúi Landsbankans. Í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að lagt hafi verið fram „varfærði“ mat á eignum Landsbankans og samkvæmt því mætti búast við að eignir Landsbankans gangi upp í um 75 prósent af af andvirði Icesave-innstæðutrygginganna. Gangi það eftir verða um 170 milljarðar krónur eftir af skuldinni við innstæðueigendur auk vaxta. Í tilkynningunni kemur einnig fram að breska endurskoðunarstofnunin CIPFA geri ráð fyrir því að eignir Landsbankans gangi upp í allt að 95 prósent af andvirði Icesave-innstæðutrygginganna. Gangi það eftir myndu um 33 milljarðar falla á ríkissjóð.

Forsætisráðuneytið sagði þetta samkomulag hins vegar vera

## HVAÐ KOSTAR ÞETTA ÍSLENSKA RÍKIÐ?

- Ísland gengst í ábyrgð vegna 660 milljarða Icesave-skuldar.
- Ísland fær lán frá Hollendingum og Bretum til 15 ára.
- Vextir eru 5,55 prósent.
- Ekki þarf að greiða vexti fyrstu sjö árin.
- Ef eignir Landsbankans ganga upp í 75 prósent af andvirði innstæðutrygginganna leggjast 170 milljarðar króna á ríkið, auk vaxta.
- Ef eignir Landsbankans ganga upp í 95 prósent leggjast 33 milljarðar á ríkið.
- Allt af miðað við núverandi gengi.

mikilvægan áfanga við endurveisn íslensks efnahagskerfis og trausts Íslands á alþjóðavettvangi. Samkomulagið verður kynnt fyrir Alþingi í dag en það hefur þegar fengið gagnrýni frá stjórnarandstæðingum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði við Fréttablaðið á föstudagskvöld, þegar skilmálar samkomulagsins lágu fyrir, að vextirnir væru háir, hætta væri á að aðrir erlendir kröfuhafar en þeir sem ættu Icesave-reikninga tækju því ekki hljóðalaust að fá ekki að snerta á sínum innstæðum meðan gert væri upp við aðra. Eins taldi hann hættu á að þessi 660 milljarða króna skuld mundi rjúka upp úr öllu valdi ef gengi krónunnar hröfðelli. Enn fremur sagði hann að Íslendingar hefðu átt að kanna til þrautar hvort þeim bæri í raun skylda til að taka þessa ábyrgð á sig. jse@frettabladid.is



RÆTT UM ICESAVE-DEILUNA Hér sjást David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, og Óssur Skarphéðinsson kollegi hans í mars síðastliðnum. Nú er hins vegar nóg komið af karpi við Breta í bili. Nú mun þingheimur karpa um málið.

## ALLTAF BETRA AÐ SEMJA EN DEILA

Pórlófur Matthíasson hagfræðiprófessor segist hafa skilning á sjónarmiðum þeirra sem gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki náð hagstæðari lendingu í Icesave-deilunni. „En það er líka gott að líta á þetta hinum megin frá," segir hann. „Ég er ansi hræddur um að menn tækju fram búáhöldin ef Bretar hefðu verið með banka hér, farið á hausinn og neitað að borga innstæðurnar."



PÓRLÓFUR MATTHÍASSON

Hann segir afar mikilvægt að með þessu samkomulagi sé búið að tryggja að Íslendingar verði ekki lögsóttir fyrir að gera upp á milli kröfuhafa. Hann segir enn fremur að þar sem ekki verði byrjað að borga af þessu fyrr en eftir sjö ár opnist möguleikar á að fá Breta til að

endurskoða samkomulagið í millitíðinni. „Þá verður búið að skipta um stjórn alla vega tvisvar á Bretlandi og það verður búið að skrifa margar lærdar ritgerðir um þetta og ef sýnt er fram á að það sé ómaklega vegið að okkur með þessu þá er möguleiki að það verði brugðist við því. Þarna [með þessu samkomulagi] er allavega búið að setja hámark á það sem við þurfum að standa skil á og það hámark er lægra en það sem miðað var við þegar gert var upp við íslenska innstæðueigendur." Hann segir enn fremur allt af betra að semja í svona deilum. „Við Íslendingar erum heldur ekki í neinni stöðu til að standa í illdeilum," segir Pórlófur.

Nú eru allra síðustu dagarnir á hinni frábæru útsölu okkar, allt á að seljast, **aðeins þrjú verð í gangi 500 kr, 1000 kr og 1500kr.** Enn nóg til. Einnig verða til sölu meðal annars, gínur og innréttingar ásamt hluta af búslóð vegna flutninga. Gallabuxur í stærri stærðum, úlpur og jogging gallar, kjólar, toppar og skyrtur, **Opið frá 8 júní til og með 16 júní.**

**Opnunartími er frá kl.13 til 18 alla virka daga og laugardag 13 til 16.**

**Stelpur, látið þetta ekki framhjá ykkur fara!**

**Diddy.is**  
Faxafeni 14 (við hliðina á Bónus) • s: 588 8400

**VEÐURSPÁ**

Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR OG ÚRKOMULÍTIÐ** Það verður áfram hæglatísveður um allt land næstu daga en víða heldur þungubúið. Í dag verða mestu líkurnar á bjartvörðri um austanvert landið en á morgun og á miðvikudag er útlit fyrir björtu veðri Vestanlands. Búast má við minniháttavætu af og til í flestum landshlutum.

Á MORGUN Hæg breytileg átt.  
MIÐVIKUDAGUR Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

Alicante	26°
Bassel	23°
Berlín	20°
Billund	16°
Eindhoven	17°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	21°
London	17°
Mallorca	27°
New York	26°
Orlando	32°
Ósló	15°
París	18°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

# Lyftu þér upp með vinum þínum

**0 kr.**  
Nova  
í Nova

1000 mín. samtöl/  
myndsimtöl og 500  
SMS/MMS á mánuði.

**2.000 kr.**  
notkun á  
mánuði  
í 12 mán.

Fylgir öllum síma-  
tilboðum Nova.  
Óáhriflegt af þjálf.

0 kr. Nova í Nova þýðir nákvæmlega það! Njóttu þess að geta hringt fyrir 0 kr. í vini þína og ættingja, saumaklúbbinn, glímufélagið eða bara alla sem þú þekkir eða þekkir ekki hjá Nova.



**5.900 kr.** afbörgun

**Nokia 5320 XpressMusic**

Afbörgun 2.000 kr. á mánuði  
2.000 kr. notkun á mánuði  
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 29.900 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afbörgun 2.000 kr. greidd með kreditkortu + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!



Fylgist þú með íslenska karlandslíðinu í knattspyrnu?

Já	43%
Nei	57%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

Telur þú að Íslendingar hafi náð hagstæðum samningi í Icesave-deilunni?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Formaður Framsóknarflokksins vill skýringu á misvísandi svari fjármálaráðherra:

# Spyr hvort ráðherra hafi blekkst þingheim

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segist munu krefja Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra svara í þinginu í dag hví hann hafi sagt á miðvikudaginn var að engar formlegar viðræður væru þá hafnar í Icesave-deilunni.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

„Ég spurði að því í óundirbúnum fyrirspurnartíma hvort eitthvað væri að gerast í málinu en þá var farið að kvisast út í þinginu og meðal fjölmiðlamanna að svo væri,“ segir Sigmundur. „Hann svaraði því til að svo væri ekki, að viðræður væri ekki einu sinni hafnar. Svo kemur bara í ljós að það er alls ekki rétt.“ Hann segist undrast leyndina yfir málinu og aðförum við að viðhalda henni.

Samkomulagið við Breta og Hollendinga verður kynnt þingmönnum í vikunni.

## SVAR STEINGRÍMS VEGNA ICESAVE

„Eins og þingmönnum er kunnugt var afgreidd ályktun um það á þingi þar sem stjórnvöldum var falið það verkefni að ræða við bresk og hollensk stjórnvöld um lyktir þessarar deilu og síðan hefur með reglubundnum hætti verið skýrt frá því hvað aðhafst hefur verið í þeim efnum og meðal annars utanríkis-málanefnd verið haldandi upplýstri um það. Viðræður eða þreifingar milli aðila hafa gengið hægar en ætlunin var, m.a. vegna þess að Bretar hafa itrekað óskað eftir frestun á fundum sem fyrirhugaðir voru. Það er verið að reyna að



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

koma í gang formlegum samninga- viðræðum en þær eru ekki hafnar heldur eru könnunarþreifingar eða könnunarviðræður í gangi. Eg held að ég geti fullvissað hv. þingmann um að það standi ekki til að ganga frá einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga og áður en til slíks kæmi yrði að sjálfsögðu haft samráð við utanríkis-málanefnd og aðra þá aðila sem þingið hefur haft til að fylgjast með framvindu þessara mála. Staða málsins er sú að það eru könnunarviðræður eða könnunarþreifingar í gangi.“

-jse

## Opinn fundur

Útiræktun á erfðabreyttu byggi

Priðjudaginn 9. júní frá 13-16

Grand Hótel - Hvammur

Kynnt verður umsókn til útiræktunar á erfðabreyttu byggi sem Umhverfisstofnun hefur til meðferðar. Frestur til að skila inn athugasemdum hefur verið framlengdur til 12. júní næstkomandi.

Allir velkomnir

Nánar á Umhverfisstofnun.is



UMHVERFISSTOFNUN

# Útilokar ákvarðanir í anda Einars K.

Formaður sjávarútvegsnefndar segir að Íslendingar eigi ekki að vera í „loftbólubusiness“ með auðlindir hafsins. Fyrirverandi sjávarútvegsráðherra segir ákvörðun sína um stækkun kvóta hafa verið langt innan marka sjálfbærna veiða.

**SJÁVARÚTVEGUR** Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar fela í sér að þorskveiðikvótinn verði tíu þúsund tonnum minni en nú er.

Atli Gíslason, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, segir að með tillögunum sé Hafrannsóknastofnunin í raun að auka þorskveiðikvótann frá því í fyrra um tuttugu þúsund tonn. „Það voru ákveðin 130 þúsund tonn fyrir síðasta fiskveiðiár en Einar K. Guðfinnsson [fyrirverandi sjávarútvegsráðherra] tók það upp hjá sér í febrúar rétt fyrir stjórnarslit að bæta við þrjátíu þúsund tonnum,“ segir Atli. „Það er mín skoðun að lífríki eigi að njóta vafans. Það er betra að ganga ekki á höfuðstólinn.“

Atli telur að þessar breytingar séu nauðsynlegar, þrátt fyrir bágt efnahagsástand. „Ef við tökum of mikið úr lífríkinu endum við eins og bankarnir. Við eigum ekki að vera í „loftbólubusiness“ með auðlindirnar okkar í hafinu, við erum mjög brennd af því í bankastarfsemi. Við verðum bara að hugsa um sjálfbæra þróun og vistvænar veiðar og fara varlega,“ segir hann. „Ég treysti sérfræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar í þessu máli. Þeir hefðu mátt fá meiri peninga til rannsókna og annað slíkt en þetta eru áratugarannsóknir sem þeir byggja á. Þetta er markviss ráðgjöf hjá þeim ár eftir ár og við erum í stórhættu ef við fylgjum þeim ekki. Við eigum ekki að taka geðþóttaákvarðanir eins og Einar K. Guðfinnsson tók rétt fyrir stjórnarslit.“

Einar vísar því á bug að um geðþóttaákvarðun hafi verið að ræða. „Sú ákvörðun mín var vel rökstudd.“



**ÞORSKVEIÐAR** Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar fela í sér að þorskveiðikvótinn verði 150 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári.



**ATLI GÍSLASON**



**EINAR K. GUDFINNSSON**

Nú sjáum við líka á mati Hafrannsóknastofnunarinnar á stöðu þorskstofnanna að viðmiðunarstofnarnir í þorskinu eru að stækka, þannig að það er ljóst að ákvörðun mín frá því í vetur var fyllilega rökstudd og langt innan við öll mörk sjálfbærna veiða,“ segir hann. „Ég tel að það sé skynsamlegt að halda sig við þá ákvörðun sem ég tók á síðasta vetri. Þá var það tilkynnt af minni hálfu

að gert væri ráð fyrir því að þetta væri ákvörðun til tveggja ára. Mín rök eru þau að 160 þúsund tonna afli væri vel innan marka sjálfbærrar nýtingar og við þessar efnahagslegu aðstæður sem við búum við núna held ég að það væri skynsamlegt að reyna að feta þá slóð.“

Einar Valur Kristjánsson, útgerðarmaður á Ísafirði og stjórnarmaður í LIÚ, segir að Hafrannsóknastofnunin sé á réttri leið en betur má ef duga skal. „Ég er að vona að maður fái að sjá eitthvað meira en 150 þúsund tonn. Mínum skipstjórnum finnst vera mikill fiskur. Við höfum ekki verið að veiða þorsk í mörg ár, við erum alltaf að flýja hann, þannig að manni finnst 150 vera í lægri kantinum. En stóra fréttin er að þetta er staðfesting á því að þetta er á réttri leið,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

**Nýtt og betra!**



MINNA AF SYKRI • MEIRA AF ÁVÖXTUM



Veldu létt ... og mundu eftir ostinum!



Engin stjarna var í minningarfánanum í sjómannadagsmessunni:

## Ekkert banaslys á sjó á einu ári

**HÁTÍÐAHÖLD** Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur um allt land í gær og raunar var helgin víða undirlögð enda hefur þróunin hin síðari ár verið sú að skipulögð sjómannadagskrá teygir sig yfir á nokkra daga.

Í Reykjavík hófust hátíðarhöldin á laugardag og héldu síðan áfram í gær með skemmtidagskrá á Grandagarði. Að sögn Guðmundar Hallvarðssonar, formanns sjómannadagsráðs, tókust hátíðarhöldin vel. „Við fengum afar góðar undirtektir með þennan tilflutning á sjómannadeginum frá Miðbakka og út á Grandagarð enda meiri nálægð við Sjóminjasafnið og varðskipið Óðin svo dæmi séu tekin. Þangað streymdi geysilegur fjöldi fólks báða dagana auk þess sem það leit á furðufiska Hafrannsóknastofnunar, bragðaði sjávar-



**FROÐUFJÖR** Á Granda gátu börnin farið í froðupartí, hoppukastala, teygjubraut, klifurkastala og margt fleira.

fang, fór í siglingar og fleira.“ Guðmundur segir að það sem standi upp úr sé þó að þetta er í fyrsta skipti, frá því að sjómannadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1938, sem enginn hefur

farist á sjó á milli sjómannadaga, en mannlífin hafa oft skipt tugum. „Því var engin stjarna í minningarfánanum sem var gengið með inn í sjómannadagsmessuna í Dómkirkjunni að þessu sinni,“ segir Guðmundur, en herra Karl Sigurbjörnsson biskup predikaði auk þess að minnast drukknaðra sjómanna.

Um miðjan dag var svo að venju hátíðardagskrá en hún fór að þessu sinni fram í Sjóminjasafninu á Grandagarði. Þar flutti Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra ávarp ásamt fulltrúum sjómanna og útvegsmanna.

Aðspurður segist Guðmundur ekki vita til þess að nokkur íslensk skip hafi verið á veiðum í gær. „Ég held að allir hafi virt lög um að vera í landi á sjómannadaginn.“

- ve

www.plusferdir.is

# SÓLAR sprettur

8.-9. júní

**2000 FERÐIR Á  
ÓTRÚLEGU VERÐI!**

Verð frá: **Aðra leið með sköttum.**

**9.900 kr.**

Flugfar aðra leið til 8  
áfangastaða í Evrópu!

**TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS  
Í 2 DAGA FRÁ MÁN. 8 JÚNÍ!!**

Nánari upplýsingar  
og bókanir á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



**plús**  
**FERÐIR**

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



## Ganga á Hengils- svæðið

Þriðjudaginn 9. júní verður farin fræðslu- og gönguferð á Hengilssvæðinu. Hugað verður að orkunni og beislun hennar, orkujarðfræði, gróðri og sögu.

Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl.19:30. Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson jarðfræðingur og Guðríður Helgadóttir líffræðingur.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

Auglýsingasími

# 512 50 50

Mest lesið

Dómsmálaráðherra vill setja í lög hvað gera skuli við fundið fé:

## Ráðstöfun óskilamuna breytt

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, segist ætla að beita sér fyrir því að ráðstöfun peninga, sem fást fyrir óskilamuni í vörslu lögreglu, verði gagnsærri en hún er, og hún sett í lög.

„Mér sýnist full þörf á að endurskoða þessar reglur og setja hreinlega í lög. Um er að ræða ráðstöfun á fjármunum sem á að vera gagnsæ og ég mun beita mér fyrir því að það verði gert,“ segir Ragna.

Lögreglan hefur aflað fjár með uppboði á óskilamunum í gegnum tíðina. Réttarheimild fyrir geymslu og sölu þeirra er að finna í kansallíbréfi frá árinu 1767. Samkvæmt því skulu óskilamunir geymdir í



**UPPBOÐ LÖGREGLU** Fyrir nokkrum árum fundust hundrað þúsund krónur í tösku í Öskjuhlíð. Peningarnir runnu til lögreglunnar, en taskan var þó ekki boðin upp.

eitt ár og einn dag. Kansallíbréf komu á sínum tíma frá skrifstofu

í Danmörku, sem annaðist dagleg stjórnunarstörf.

Lögreglan hefur nýtt peningana í félagsstarf sitt, svo sem starfsemi Lögreglukórsins. Heimild fyrir ráðstöfun fjárens er úr öðru kansallíbréfi, frá árinu 1811, sem var nánar útfærð 1938 og síðast breytt árið 2001.

Ráðherra telur þó ekki að núverandi fyrirkomulag letji lögregluna til að koma eignum aftur til réttra eigenda: „Ég held að vanda málið snúi frekar að því að erfitt sé að finna eigendur að þeim munum sem finnast, beri þeir sig ekki sjálfir upp við lögreglu um týnda muni.“

- kóp

Met í niðursuðuverksmiðju:

## Suðu lifur í 2,4 milljónir dósa

**SJÁVARÚTVEGUR** Starfsfólk Hraðfrystihússins Gunnvarar í Súðavík setti nýtt framleiðslumet í lifrarniðursuðu fyrirtækisins, en formlegri niðursuðuvæðing lauk á dögunum. Framleitt var í tæpar 2,4 milljónir dósa, sem er sextíu prósentu aukning frá vertíðinni í fyrra, eins og kemur fram á heimasíðu fyrirtækisins.

Hráefnið hefur komið að stærstum hluta úr þorskeldi fyrirtækisins í Álftafirði og Seyðisfirði og af ísfisktogaranum Páli Pálssyni í S 102.

- shá

### VESTURBYGGÐ

Norrænir vinir í heimsókn

Fulltrúar vinabæja Vesturbyggðar frá Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð og Norgei ætla að heimsækja sinn vestfirski vinabæ dagana 14. til 16. ágúst.



**SKEMMUR VERÐA NETÞJÓNABÚ** Búið er að rífa allt innan úr tveimur gömlum skemmum. Íslenskir aðalverktakar sjá um framkvæmdirnar fyrir íslensk-bandaríska fyrirtækið Verne Holding.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI

## Byggja netþjónabú í Reykjanesbæ

Íslenskir aðalverktakar standa fyrir framkvæmdum við netþjónabú Verne Holding á gamla varnarsvæðinu. Búið er að rífa innan úr tveimur skemmum. Stefnt er að því að starfsemi hefjist eftir rúmt ár.

**REYKJANESBÆR** Framkvæmdir eru hafnar við netþjónabú íslensk-bandaríska fyrirtækisins Verne Holding á Keflavíkflugvelli. Búið er að rífa innan úr 25 þúsund fermetra skemmum á gamla varnarsvæðinu þannig að húsnæðið er nánast eingöngu fohelt og er verið að grafa grunn fyrir varaafllstöðvum. Íslenskir aðalverktakar sjá um framkvæmdirnar. Þá hefur Hitaveita Suðurnesja verið að færa til lagnir á svæðinu.

Búið er að samþykka deiliskipulag á svæðinu og er nú verið að grafa fyrir varaafllstöðvum. Allt hefur verið rífið innan úr tveimur skemmum sem nota á í fyrsta áfanga. Verne Holding hefur tækifæri til að stækka við húsnæðið í síðari áföngum.

Gríðarmiklum búnaði verður komið fyrir inni í húsunum. Skemmurnar eiga að hýsa öflug kæli- og varaafllskerfi, tölvubúnað, netþjóna og gagnageymslur fyrir alþjóðlega stórnotendur. Verne Holding mun útvega þeim örugga aðstöðu, orku og nettengingar. Meðal þeirra sem gætu notfært sér þessa þjónustu eru netveitur, fjármálafyrirtæki, smásölufyrirtæki og kvikmyndaver.

Egill Sigmundsson, forstöðumaður hjá Hitaveitu Suðurnesja,

segir að lóð Verne nái yfir gamlar götur. Undir þessum götum séu lagnir og þær hafi starfsmenn hitaveitunnar þurft að færa út fyrir lóð Verne. Í fyrstu áföngum muni Verne nýta gömlu lagnirnar.

Erfitt er að fá upplýsingar um framkvæmdir Verne Group og framgang þeirra hér á landi, til dæmis það hversu margir starfsmenn koma að framkvæmdunum. Lisa Rhodes, talsmaður Verne Global í Bandaríkjunum, er sú eina sem má gefa upplýsingar. Hún staðfestir að framkvæmdirnar standi yfir en vill ekkert segja að öðru leyti.

Verne kaupir 25 megavött af rafmagni af Landsvirkjun en félagið hefur samið við Farice um flutningsrými á Farice-1-sæstrengnum og Danicestrengnum, sem á að leggja, á samtals 160 gígabit á sekúndu.

Fjárfesting félagsins hér á landi næstu fimm árin nemur tuttugu milljörðum króna. Stefnt er að því að starfsemi hefjist sumarið 2010 og er vonast til að 100 störf skapist. Verne Holding er í eigu Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, og bandaríska fjárfestingarsjóðsins General Catalyt Partners.

ghs@frettabladid.is



„Íslensk blóm eru harðgerð, kröftug og fersk.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu. Nú hafa þeir opnað vefinn **gardplontur.is** þar má finna margvíslegan fróðleik.

Skoðaðu **gardplontur.is** og nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar  
garðplöntur



# Lítið dæmi um gott verð



Aðeins 299 krónur stykkið

Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin



**SPORTBÚÐIN**

Í leiðinni úr bænum

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - [sportbudin.is](http://sportbudin.is)



**GEOFFROY'S MARMOSET** Apaféðgar af Geoffroy's marmoset-kyni láta fara vel um sig í dýragarðinum í Tel Aviv í Ísrael. Náttúruleg heimkynni þessa apakyns er í frumskógum Brasilíu.

NORDICPHOTOS/AFP

Hrossahald á Ánastöðum á Mýrum áfram undir eftirliti:

## Eigandi búinn að urða hrossin

**DÝRAHALD** Búið er að urða hross sem voru dauð í skurði og við heyrúllur á bænum Ánastöðum á Mýrum. Héraðsdýralæknir og búfjáreftirlitsmaður höfðu farið í eftirlitsferð á staðinn í vor. Þeir sáu þá mörg dauð hross í skurði sem hálfpartinn hafði verið grafið yfir og hræ af folaldi hafði verið troðið niður við heyrúllur sem gefnar höfðu verið. Hræ af einu hrossi var einnig í skurði sem var fullur af vatni.

„Við fórum þarna á laugar- daginn síðasta, því þá gat eigandi hrossanna verið með okkur, og fórum yfir stöðu mála,“ segir Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðs-



**ÚTIGJÖF** Skyllt er að hafa tilsjónarmann með hrossum, búi eigandinn ekki á staðnum.

dýralæknir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Hann segir að eigandinn hafi þá, að boði yfirvalda,

verið búinn að ganga sómasamlega frá hræjum hrossanna sem hann hafði sjálfur lógað. Ástand hrossanna sem eftir lifðu sé viðunandi. Eigandinn hafi bent á fimm hross úr hópnum sem hann hyggtist lóga í haust. Mönnum sé leyfilegt að lóga eigin hrossum og urða sómasamlega í eigin heimalandi.

„Við munum mæta aftur á staðinn í haust til eftirlits,“ segir Gunnar Gauti. „Svo þarf eigandi hrossanna að útvega sér tilsjónarmann þar sem hann býr sjálfur ekki á staðnum. Sá þarf að hafa daglegt eftirlit með hrossunum í vetur.“

-jss

Málþing um kosningar:

## Elsta og stærsta lýðræðisríkið

**STJÓRNMÁL** Nýafstaðnar kosningar á Íslandi og á Indlandi verða til umræðu á málþingi í Háskólanum í Reykjavík í dag klukkan 12.

Sivaraman Swaminathan, sendiherra Indlands, og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, munu fjalla um þann lærdóm sem megi draga af kosningunum. Í síðustu kosningum á Indlandi, sem er fjölmennasta lýðræðisríki heims, gátu 714 milljónir manna valið á milli rúmlega þúsund flokka. Kjörstaðir voru tæplega milljón talsins í 35 fylkjum og 543 kjördæmum.

-peb

## Jóhanna Sigurðardóttir: Vissi ekki um Möltuferðina

Tek að mér tölvuviðgerðir, vírusreinsun, netvandráði leyst og uppfærslur. 17 ára reynsla, sanngjarnt verð, afsl. f. félagi ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

**Nudd**

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Excellent whole body massage for you! S.822 7301.

Frábært nudd, fantastic massage. S. 692 2352.

**Spádómar**

Hanna s. 555 2927  
 Spá Draumar Fyrirbænin  
 Óþið frá kl. 12-24, tek einnig í einkatíma

www.orlagalinan.is  
**Örlaga línan**  
 Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Óþið öll kvöld í síma **595 2001 & 908 1800**

**Englaliós**  
 S. 908 7000 & 863 1987  
 Tarot, miðlun, fyrirbænin  
 Óþið alla daga frá 12-01  
**VISA/EURO**

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI - Spámiðill**  
 Spá í spil og kristalkúlu. Fyrirbænin. Sími **6183525**  
 www.engill.is

Spásíminn 908 5666. Stjórnuþspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpar. Trúnaður.

**Veislupjónusta**

Er veisla, fundur eða annað tilefni á næsta leyti? Við bjóðum upp á snittur ásamt heitum og köldum réttum fyrir öll tækifæri, s.s. afmæli, fundi, útskriftir og fjölskylduboð. Fri heimsending í boði. Ljuffengur og hollur matur á sanngjörnu verði. Kynntu þér málið í síma 561 0990/821 7909.

**Iðnaður**

**Pípulagnir**  
 Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir**  
 Raflagnir, dyrasímaþjónusta, töfluskípti, tilboð. Rafneisti ehf. Sími 896 6025.

**Til sölu**

**N1**  
 Þú getur dregið allt sem þú vilt.  
 Kynntu þér kerruleigu og kerrusölu N1 á n1.is eða í síma 440 1000.



Þjónustuver N1 440 1100 **N1.IS**

**Raflagnir Dyrasímar**  
 Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.  
**Fljót og góð þjónusta**  
 Sími 893 1733  
**Jón Jónsson**  
 Löggiltur rafverktaki  
 www.raflagnir.is

**Trésmiði**

**Smiður tekur að sér:**  
 Uppsátt á stigum og allri smiði, utan sem innan. Gerir tilboð, áratuga reynsla. Uppl. s. 867 7753.

**SÓLPALLAR**  
 Komum á staðin og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpalla-smiði í 16 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660, Ólafur  
 www.betripollar.com

**smidaland.is**  
 Nýsmiði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

**A - Ö smiðar ehf.**  
 Getum bætt við okkur verkum inni sem og úti stór og smá. Áratuga reynsla! S. 847 1430. Öllu vanir.

**Viðgerðir**

**Erum fluttir að Skemmuvegi 34, 200 Kópavogur**  
 brún gata  
**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**  
 SLÁTTUVELAÞJÓNUSTA  
 Vélaverkstæði JS  
 Vélaverkstæði JS  
 Skemmuvegi 34 200 Kópavogur  
 Netfang: velaverkjs@velaverkjs.is  
 Símar: 554 0661 - 897 4996  
 699 2502  
 www.velaverkjs.is

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvelar, sláttuorfl, sláttuorfl, garðlýsing, jarðvegsþjónusta, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**Önnur þjónusta**

**B.S. VERKTAKAR**  
 Málun bílastæða, malbiksviðgerðir, vélsópun, skilti, kantsteinn www.verktakar.com s: 5514000

**GSG**  
**VEGMERKING**  
 Bilastæðamálun  
 Vélsópun  
 Malbiksviðgerðir  
 s. 508 4000 www.bilastaedi.is

**Til sölu**



**STUBBASTANDAR**  
 Bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535.



Schnauzer hvolpar til sölu. Afhendast heilsufarskoðaðir og örmerktir með ættbók frá HRFI. Schnauzer eru duglegir vinnuhundar og einstaklega skemmtilegir vinir fjölskyldunnar. Uppl. í síma 848 5820 / 822 7711.

**Óskast keypt**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**  
 Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
 www.kaupumalltull.is  
 Upplýsingar í síma 661 7000.

**Kaupí gull**  
 Ég Magnús Steinþórsson gull-smiðameistari er að kaupa gull, gull peninga og gull skartgripa af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.  
 Upplýsingar á demantar. ís í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13

Nýlegur rafmagnslyftari óskast, margt kemur til greina. Allar nánari upplýsingar steinn@rekjan.is

**Sjónvarp**

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örnyrja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

**Tölvur**

**Er tölvan biluð?**  
 Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

**Bækur**

til sölu handfærarúlla 6000i. upplýsingar í síma 8624249.

**Til sölu**

**ARMAR**  
 Er skotbómulyftarinn þinn lúinn?  
 Komdu með hann til okkar og settu hann upp í nýrri gerð.

Armar ehf. // Flatáhræuni 25 // 220 Hafnarfjörður // Sími 640 1100 // www.armor.is

**Hljóðfæri**

**Tilboð**

**Dúndurtíloð!**  
 Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkur frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

**Vélar og verkfæri**

**CMT ORANGE TOOLS**  

 Handfræsarar  
**Ásborg**  
 vélar og verkfæri  
 Smiðjuvegi 11 S 5641212

**Vélar: Heildarlausnir**  

- Loftþjoppur
- Loftþurrkarar
- Loftlagnakerfi
- Loftverkfæri
- Loftslur
- Öliur
- Varahlutir
- Viðgerðarþjónusta

**ÁSGEIR SIGURÐSSON**  
 Staupark 60B  
 STAPAHRÁUN 10  
 Sími 595 4000  
 www.asgeirsig.is

## Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.



## Harðviður til húsbýgginga.

Sjá nánar á [www.vidur.is](http://www.vidur.is) Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomin Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Ýmislegt

Til sölu BRIDGESTONE sumardeck 3 stk. Stærð 235/70R16 lítið slíti. Uppl í síma 5545997

## Verslun

**Stærri limur betri limur**  
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á [bathmate.is](http://bathmate.is)

## Tilkynningar



## Kynningarfundur verkefnisstjórnar rammaáætlunar

## Vernd eða nýting?

Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar boðar til opins kynningarfundar. Á fundinum verða m.a. kynnt þau svæði og þeir virkjunarkostir sem verkefnisstjórnin mun fjalla um og meta.

Fundurinn verður haldinn í sal Þjóðminjasafns Íslands á morgun, þriðjudaginn 9. júní og hefst kl. 14:00.

Allir velkomnir!

Markmið rammaáætlunar er að skapa faglegar forsendur fyrir ákvörðun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og jarðhitasvæði. Í áætluninni skal leggja mat á og flokka virkjunarkosti og áhrif þeirra á náttúrufer, náttúru- og menningarmínjar, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmunum allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði.

## Skattskrár vegna álagningar 2008 sem og virðisaukaskattskrár vegna tekjuársins 2007

Skrárnar liggja frammi hjá skattstjórum í hverju umdæmi, hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju skattumdæmi dagana 8. til 19. júní 2009 að báðum dögum meðtöldum.

Framlagning skattskrár er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

8. júní 2009

- Skattstjórnin í Reykjavík, Gestur Steinþórsson.
- Skattstjórnin í Vesturlandsumdæmi, Stefán Skjaldarson.
- Skattstjórnin í Vestfirðaumdæmi, Rósa Helga Ingólfssdóttir.
- Skattstjórnin í Norðurlandsumdæmi vestra, Hanna Björnsdóttir.
- Skattstjórnin í Norðurlandsumdæmi eystra, Gunnar Karlsson.
- Skattstjórnin í Austurlandsumdæmi, Karl S. Lauritzson.
- Skattstjórnin í Suðurlandsumdæmi, Steinþór Haraldsson.
- Skattstjórnin í Vestmannaeyjum, Ingi Tómas Björnsson.
- Skattstjórnin í Reykjanesumdæmi, Sigmundur Stefánsson.

## Heilsuvörur

Þú nærð góðum árangri með Herbalife

FYRIR EFTIR  
Berggrün Ingimarsdóttir  
Sími: 861 5512  
[beco@simnet.is](mailto:beco@simnet.is) / [www.berggrun.is](http://www.berggrun.is)

Sjálftæður dreifingarabíll



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstillings - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 [www.flp1.is](http://www.flp1.is)

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 [www.lifstillis.is](http://www.lifstillis.is)

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/þrúfur. [www.rkb.heilsuskyrslais.is](http://www.rkb.heilsuskyrslais.is) Rannveig iðjubjálfi/einkabj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183, [www.eco.is](http://www.eco.is) Ný netverslun: [www.betriheilsa.is/erla](http://www.betriheilsa.is/erla)

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. [www.halldorabjarna.is](http://www.halldorabjarna.is) S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! [www.betriheilsa.is](http://www.betriheilsa.is)

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Heilnudd**  
Kemur blóðflöðunni af stöð og er nákvæm fyrir útsaga og sál  
Sími 551 2042 / 494 1275

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Tantric Massage of Sacred touch

For men, women and couples. Tel 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

## Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!

3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogsálannudd og Tibet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Væðing er komin. Ekkert sex nudd! S. 823 8280.

## Námskeið

## Námskeið í fornheildslu

Verður haldið í Miðsali, Rangárfingi ytra. Laugardaginn 13júní & Sunnudaginn 14júní. Kennnd verður hleðslan grjótt í streng. Leiðbeinandi er Viglundur Kristjánsson Fornheildslumeistari. Uppl. í s. 487-5168 & 487-5757.

**SCHOOL ICELANDIC**

## AM/PM ! ICELANDIC - ENSKA F. BÖRN ENSKAR

## SAMTALSÆFINGAR

Level I: 4 weeks Mð to Fr; 10-11:30 & 18-19:30 start: 8/6. Level II: 7w: Mð,Wd,Fr; 20-21:30; st: 8/6. Level III: 10w: Tue/Thu; 20-21:30; st: 9/6. ENSKA f. 5-9 ára2-vikur: Mð-Fös-16:30-17:30; dags: 29/6, 13/7, 27/7. ENSKA SAMTAL F.fullorðna: 2 vikur: Mð-Fös 18-19:30; dags: 29/6, 27/7. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. s. 588 1169 - [www.icetrans.is/ice](http://www.icetrans.is/ice)

**SCHOOL ICELANDIC**

## AM/PM ICELANDIC ENGLISH CONVERSATION

Level I: 4 weeks Mð to Fr; 10-11:30 or 18-19:30 start: 8/6. Level II: 7w: Mð,Wd,Fr; 20-21:30 or 13-14:30 st: 30/6 Level III: 4w: Mð to Fr; 13-14:30; st: 8/6. Level IV: 10w: Tue,Thu; 20-21:30; st: 8/6. ENGLISH CONVERSATION: 2 weeks: Mð-Fríd 18-19:30; start 25/5, 8/6, 22/6, 6/7, Ármúli 5, s. 8611169-[www.icetrans.is/ice](http://www.icetrans.is/ice)

## Ökukennsla

## www.aksturinn.is

S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andriússon.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubíreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

## Húsgögn



Úti húsgögn til sölu. S. 849 3230.

## Dýrahald

**REGAL Super premium** hundamaturlausn fyrir allar stærðir hunda.

1,8 kg. 1.780,-  
7,5 kg. 4.780,-  
15 kg. 7.980,-

Dýrabær Smáralind og Hliðasmára 9, Kóp. [www.dyrabaer.is](http://www.dyrabaer.is)

## Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. [www.borgarvirki.com](http://www.borgarvirki.com) info@borgarvirki.com

## Fyrir veiðimenn

**Veidivörur.is**

BALSAXS

Taumar frá 390 kr.

## Þjónusta

## KREPPUSLÁTTUR

Garðsláttur, þökulagnir, hellulagnir og öll almenn garðvinna frábær verð og mikil reynsla

Hlynur s: 8633492

## Húsnæði í boði

**LMH.IS**  
Leigumíðtan Hafnarfjarðar  
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, [www.lmh.issimi](http://www.lmh.issimi) 517-0150

## www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í s. 824 4535. [www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

## Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Eldri kona óskar eftir góðum einstakling eða hjónum með bíl til umráða til þess að aðstoða sig eftir samkomulagi. Íbúð fylgir gegn lágru leigu. Uppl. í s. 843 0061.

Stúdíóíbúð í miðbæ Hfj. til leigu, 43m2 65.000kr á mánu. Uppl. 898 4551 laus strax

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Stórt og bjart. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

## Húsnæði óskast

Amma, mamma og 2 dætur m. lítinn kjötlurakka og 1 kött óska e. 4+ herb. íbúð. Öruggrum og skilvísnum gr. heitið. Algjör reglus. greiðslug. 150þ. á mánu. Minnst 3ja ára húseigisamningur. S. 867 0047.

Óska eftir 3ja herb. íbúð til langtímaleigu í Rvk. Greiðslugeta 75þ. Reglusemi og skilvísnum greiðslum heitið. Sendið uppl á [vidarpeturs@gmail.com](mailto:vidarpeturs@gmail.com)

Ungt Par með 1 barn óskar eftir 3. herb íb. í Rvk. Greiðslugeta 80-90 þ. s. 692-6604 eða [thorir@hi.is](mailto:thorir@hi.is)

Vantar 2-3 herb. íbúð á leigu helst í Hafnarf. Garðabæ eða Kópav. Er reyklus og reglusamur. Öruggr greiðslur. Sími 693 0477.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður óskast á leigu á suðurlandi í júlí og ágúst. Uppl s: 566-7850, 844-0874

2 sumarhúsalóðir til sölu í Grímsnesi. Lækkað verð. S. 692 3430.

Rúmgóður sumarhústaður austan við Laugvatn. Laust í júní og fyrsta vika í júlí. Uppl. í s. 893 8767.

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuherbergi til leigu**  
Til leigu c.a. 45 fm skrifstofuhúsnæði á 2 hæð að Súðarvog 7. Tölvu og símalagnir og aðgangur að fundarherbergi. Næg bílastæði.  
Uppl í S: 8626679 og 8243040.

## Geymslúhúsnæði

[www.geymslaeitt.is](http://www.geymslaeitt.is)  
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mánu. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélur. S. 555 3464

## Gisting

## GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!

Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, [www.stracta.com](http://www.stracta.com) eða [annalilja@stracta.com](mailto:annalilja@stracta.com).

## www.leiguherbergi.is

Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. [www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is) s. 824 4535

Leigjum 4 herbergja íbúð á Akureyri. Víku og helgarleiga. [www.engimyri.is](http://www.engimyri.is) S:462-7518

## Atvinna í boði

**KOKKARNIR**  
VEISLUÞJÓNUSTA

**Kokkarnir veisluþjónustu vantar matreiðslumann**  
Okkar vantar matreiðslumann í teimið okkar í framtíðarstarf. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera skapandi.  
Áhugasamir hafið samband í síma 511-4466 eða sendið póst á [netfangið.runar@kokkarnir.is](mailto:netfangið.runar@kokkarnir.is)

## STÖRF.IS

Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnu-auglýsinga. Leitinn hefst hjá okkur.

Gistiheimili í Kópavogi óskar eftir að ráða handlaginn húsvörð til starfa. Búseta í húsinu er skilyrði og fær viðkomandi íbúð til afnota. Starfssvið: almennt viðhald á fasteign, umhúð á lóðar, ræstingar, önnur tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera handlaginn og lipur í samskiptum, reglusamur, samviskusamur og þjónustulundaður. Umsóknir sendist á [gkop09@gmail.com](mailto:gkop09@gmail.com) merkt „Húsvörður“ fyrir 15 júní.

Málarafyrirtæki í Færeyjum, vantar 3, málara í fastavinnum fram til jóla. Íbúð á staðnum og bíll. Hringið til Jóhannes í síma 00298-282015. til að fá fleiri upplýsingar.

Velglauma aukavinnu, vanur ýtum og traktorsgröfum. Uppl s: 892-2090.

Bókari aukavinnu. Bókari óskast vón dk. Upplýsingar s:892-2090

## Kvöldvinna - auka-eða aðalvinna

Okkur vantar íslenskumælandi fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði. Aldur 25+ Uppl. í síma 699 0005 milli kl.13-17 virka daga. .

Fiskvinnsla í Hafnarfirði vantar handflakara til starfa. Eingöngu vanir flakara koma til greina. Upplýsingar í síma 896 4414, einnig hægt að senda Mail á [laufey@hamrafell.is](mailto:laufey@hamrafell.is).

Óskum eftir vönum handflakara til vinnu í Reykjavík. Upplýsingar í síma 618 4904 Karl milli 8-18:00

Stýrimaður og vélavörður óskast á 70 tonna bæt sem rær frá Suðurnesjum. S. 866 9711.

## Fundir



Munið félagsfundinn í kvöld í Mörkinni 6. Dagskrána má sjá á vef félagsins [www.f4x4.is](http://www.f4x4.is) Stjórn F4x4.

## Einkamál

## Símapjónusta Spjaldómur

S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

## SÍMAPJÓNUSTUR

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (frítt, karlar)  
555-4321 (frítt, konur)  
**Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (frítt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9980 (kreditkort)  
**Sögar**  
905-2002 (símatorg)  
535-9950 (kreditkort)  
**Spjaldómur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)



HVITA HÚBID / SIA

Við keyrum of hratt. Stundum er það vegna þess að við erum að flýta okkur og stundum vegna þess að okkur finnst það skemmtilegt. Og stundum er það einfaldlega vegna þess að okkur líður þannig. Hækkum jafnvel í tónlistinni og finnum fyrir einhverri sérkennilegri frelsistilfinningu. Okkur finnst ekkert mál að keyra of hratt. Við samþykkjum það sem eðlilegan hlut, eitthvað sem allir gera. Réttlætum það meira að segja með því að hraðatakörkin séu of lág. Við keyrum of hratt. Og okkur finnst það allt í lagi. Þessi hugsun kostar sum okkar lífið.

# HÆGÐU Á ÞÉR

  
UMFERÐARSTOFA



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Súsanna Kristín Stefánsdóttir**

Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést í Sunnuhlíð Kópavogi mánudaginn 1. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 10. júní kl. 13.00.

Páll Ólason

Puríður Pálsdóttir

Knútur Kristinsson

Súsanna Kristín Knútsdóttir

Auðunn Jónsson

Hólmfríður Knútsdóttir

Ingólfur Finnbogason

Páll Óli Knútsson

Knútur Þór og Agnes Lind Auðunsbörn.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýbug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Eymundsdóttir**

sjúkraliða, frá Flögu í Skriðdal,

sem lést 14. maí sl.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Frænka okkar og mágkona,

**Kristín Albertsdóttir**

áður til heimilis að Eiðsvallagötu 28, Akureyri,

lést sunnudaginn 31. maí. Útför hennar fer fram frá Höfðakapellu fimmtudaginn 11. júní kl. 13.30.

Candice Albertsson

Karolina Albertsson

Jon Albertsson

Dolores Albertsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og frændi,

**Þórður Viðar Viðarsson**

Breiðavangi 57, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 28. maí. Útför hans verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 9. júní kl. 15.00.

Sigurlína Ellertsdóttir

Viðar, Elísa Hildur og Arnar

Viðar Þórðarson

Erla Gestsdóttir

Birgir Viðarsson og fjölskylda

Guðrún Ruth Viðarsdóttir og fjölskylda



Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og kærar vinkonu,

**Sigrúnar Oddgeirsdóttir**

Hæðargarði 35, áður Skipasundi 11, Reykjavík.

Sérstakar þakkir ferum við starfsfólki Friðuhúss, Foldarbæjar og líknardeildar Landspítala Landakoti, fyrir hlýja og kærleiksrika umönnun.

Ingvar A. Guðnason

Þórunn Guðmundsdóttir

Gunnar Guðnason

Sigríður Davíðsdóttir

Haukur Geir Guðnason

Anna Sigríður Guðmundsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn, Theódór Halldórsson.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útförin má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

BONNIE TYLER ER 58 ÁRA Í DAG.

„Við skemmtum okkur allan daginn. Svo fer ég í háttinn og vakna morguninn eftir og geri allt aftur. Ég elska líf mitt.“

Bonnie Tyler er söngkona frá Wales sem er hvað þekktust fyrir lag sitt *Total Eclipse of the Heart* frá 1983.



PETTA GERDIST: 8. JÚNÍ 1869

## Einkaleyfi fyrir ryksugu

Ives W. McGaffey fékk einkaleyfi fyrir fyrstu ryksugunni þennan dag fyrir 140 árum. Þetta var fyrsta einkaleyfið sem veitt var fyrir tæki sem hægt var að nota til að þrifa teppi.

Ryksugan var létt en það var erfitt að nota hana vegna þess að það þurfti að snúa sveif á sama tíma og henni var ýtt um gólfíð. Verð þessarar fyrstu ryksugu var 25 dalir, sem þótti hátt í þá daga. Erfitt er að segja til um það í dag hversu vinsæl fyrsta ryksugan var vegna þess að flestar þeirra voru seldar í Chicago og Boston í Bandaríkjunum og líklegt er að margar þeirra hafi orðið eldi að bráð í hinum mikla bruna í Chicago árið 1871.

McGaffey var einn af mörgum nítjándu aldar uppfinningamönnum sem reyndu að þróa ryksugur. Fyrsta einkaleyfið fyrir rafmagnsryksugu var veitt Corianne Dufour árið 1900.



## tímamót

timamot@frettabladid.is



FRAMKVÆMDASTJÓRINN Einar segir mikið hafa breyst á síðustu 25 árum í starfsemi Gigtarmiðstöðvarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GIGTARMÍÐSTÖÐIN: ER TUTTUGU OG FIMM ÁRA

## Fullt út úr dyrum á afmælinu

Gigtarmiðstöðin fagnaði tuttugu og fimm ára afmæli sínu síðasta föstudag og hélt upp á það með opnu húsi. „Hingað komu skemmtilegir fyrirlesarar og tæplega tvö hundruð manns,“ segir Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri Gigtarfélags Íslands. „Björtustu vonir okkar voru að á milli 120 og 150 manns myndu koma. Þannig að hér var allt fullt.“

Emil segir að í upphafi hafi verið ákveðið að setja Gigtarmiðstöðina á stofn vegna þess að úrræði skorti fyrir gigtarfólk, eins og hann orðar það. „Það vantaði sjúkra- og iðjubjálfun á sínum tíma. Síðan hefur bæst við fræðsla og ráðgjöf.“

Þegar Emil er inntur eftir því hvort margt hafi breyst í starfsemi Gigtarmiðstöðvarinnar frá upphafi segir hann þá svo sannarlega vera raunina. „Við byrjuðum með nokkurs konar endurhæfingarmiðstöð sem var hvort tveggja sjúkrabjálfun og iðjubjálfun,

með skoti fyrir félagið fyrir fundi þess og fræðslu. Eftir norræna gigtarárið árið 1992 verður nokkur breyting. Við verðum meira sjúklingafélag og tvöföldum húsnæðið. Þar hreiðrar um sig félagsstarf, fræðsla og ráðgjöf er stóruaukin og við förum að skipuleggja leikfimi fyrir gigtarfólk, bæði í sundlaug og sal,“ útskýrir Emil.

„Norræna gigtarárið lagði nokkra áherslu á hreyfingu. Við byrjuðum á að skipuleggja leikfimina annars staðar en nú er hún hér í húsinu og í sundlaug hjá Sjálfsbjörgu. Fyrir árið 1992 snerist starfsemin mikið í kringum endurhæfinguna og að bæta meðferð á ýmsum stöðum,“ segir Emil en bætir við að eftir 1992 sé starfsemin meira miðuð út frá sjúklingunum.

Emil segir að skipta megi sögu Gigtarfélags Íslands í þrennt til útskýringar. „Fram að því að félagið stofnaði endurhæfingarmiðstöðina þá var það að beita sér fyrir því að bæta greiningu

á gigt með því að safna fyrir tækjum á Landspítalann og fleiri staði. Svo er keyrt á endurhæfingarmiðstöðina vegna þess að það skorti úrræði fyrir gigtarfólk. Næstu árin fer kraftur í að keyra endurhæfingarmiðstöðina áfram. Þriðja skrefið verður í kringum árið 1992 en þá verður starfsemin meira á forsendum sjúklinga og alfaríð eftir það,“ upplýsir Emil en segir að þó hafi sjúklingurinn áður verið inni í myndinni.

Hvernig er starfsemi Gigtarmiðstöðvarinnar í dag? „Við reukum áfram endurhæfingarmiðstöðina vegna þess að við teljum þörf fyrir sérstaka viðhaldsbjálfun þó hún sé að verða mjög góð hjá mjög mörgum,“ segir Emil og bætir við að iðjubjálfun Gigtarmiðstöðvarinnar sé sérstök vegna þess að hún hefur lengi verið eina göngudeildin fyrir gigtarfólk í iðjubjálfun. „Við leggjum líka mikla áherslu á fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningar til gigtarfólks.“

martaf@frettabladid.is



Kæra systir okkar og mágkona,

**Eyrún Ottadóttir**

lést á Sahlgreńska sjúkrahúsinu í Gautaborg sunnudaginn 26. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 9. júní kl. 15.00.

Guðríður Ottadóttir

Anna Ottadóttir

Auður Ottadóttir

Lúðvík Eiðsson

Hilmar Smith

Ágúst Bjarnason



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýbug og vináttu við andlát og útför elskulegs föður míns og sonar,

**Árna Ragnars Árnasonar**

Prastargötu 8, Reykjavík.

Þeir sem vildu minnast hans er bent á reikning Elmars Freys, kt. 250797-2579, banki 0115-18-750663.

Elmar Freyr Árnason

Ingigerður R. Árnadóttir.



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

# Meistaraverk!

Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. **Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.**



FRÁBÆR GAMANMYND Í ANDA WEDDING CRASHERS

**GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST**

FRUMSÝND 10. JÚNÍ

9. HVER VINNUR!


SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL GGV** Á NÚMERIÐ **1900** ÞÚ GÆTIR UNNIÐ **BIÓMIÐI!**

ADRIR VINNINGAR ERU: TÖLVULEIKIR, DVD MYNDR, BIÓMIÐAR, GOS OG MARGT FLEIRA



VEFVERSLUN ELKO.IS

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.



## Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rifandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"



**NOKKUR ORÐ**  
Þórunn  
Elísabet  
Bogadóttir

## Bærinn málaður appelsínugulur

Það er alltaf jafn skemmtilegt þegar landsliðið í fótbolta fær stórbjóðir í heimsókn, óháð því hver úrslitin í leikjunum þeirra á milli verða. Öflugum landsliðum fylgja nefnilega venjulega stórir hópar af áhangendum og þeir setja mikinn svip á litlu miðborgina okkar í nokkra daga.

Skotarnir hafa alltaf verið í svolitlu uppáhaldi enda erfitt að toppa skotapilsin þeirra. Flestar íslenskar konur þekkja hvað það er sjaldan hægt að vera berleggja í pils á Íslandi, en Skotarnir eru hörkutól og láta kuldann ekki á sig fá þótt það sé líklega hrikalegt að sitja á fótbolta-leik í tæpa tvo tíma með bert á milli laga.

Frakkar, Ítalir og Þjóðverjar hafa verið áberandi þegar liðin þeirra eru hér

að keppa, en samt ekkert í líkingu við Skotana. Það eru venjulega bara treyjur liðsins, derhúfur og treflar sem sýna hverjir eru þar á ferð. Hollendingarnir hafa hins vegar veitt Skotunum harða samkeppni síðustu daga. Landsliðsbúningurinn þeirra er jú appelsínugulur og þeir virðast flestir taka litinn háalvarlega og sumir klæðast honum nánast frá toppi til tår. Þá virtist líka engu skipta hvort það væri á leiknum sjálfum, á rölti um bæinn eða úti að borða á finum veitingastað.

Appelsínuguli liturinn fer líka ekkert framhá manni, sama hversu lítið eða mikið er af honum. Og það þýðir ekkert að svekkja sig á því hvernig leikirnir fara, upp-lyftingin og tilbreytingin var næstum því þess virði.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# Á sumrin skemmti ég mér

Tími sumarfarsanna er ekki liðinn: nú er að skýrast hvað verður á boðstólum hér syðra af leik-sýningum: Pétur Jóhann heldur áfram sýningum sínum í stóra sal Borgarleikhúss og á nýja sviði leiðir Ari Matthíasson sitt lið í gömlum hittara eftir Dario Fo. Þá eru ónefndar þrjár leikkonur í Gamla Bíói með gamanmál um kyn sitt og framundan er endur-reisn í Loftkastalanum með frumsýningu á Grease. Með tveimur sýningum í Borgarleikhúsi má spyrja hvort Magnús Geir ráðist í að opna rekstur leikhússins allt árið, láti af þessari kjánalegu sumarlokun reglulegrar starfsemi. Ekki þarf að velja fyrir sér stöðu Þjóðleikhússins í því máli: þar verður allt lokað næstu sextíu sumur eins og hin sextíu sem liðin eru. Víst er það sóknarfæri fyrir aðra leikflokka ef leikhús sem þiggja stóra styrki af opinberu fé loka í nær fjórðung af ári.

Þess vegna er Ari að endur-vekja gamalt verkefni, láta vinna af því nýja textagerð sem er sniðin að hrúnu og kalla Þröst Leó aftur til starfa við að setja Við borgum ekki eftir Dario Fo í gang í þriðja sinn. Frumsýningu á laugardagskvöld var harla vel tekið enda er það dauður maður sem ekki hlær af dellukenndum farsa Fo. Hann hefur eina yndislegustu endalínu í gjörvöllum leikbókmenntum vesturlanda.

Sýningin var líka kraftmikil: Maríanna Clara, Halldór Gylfason, Ari sjálfur leika hér af miklum krafti. Jóhann og Þrúður eru í hinum erfiðu hlutverkum að vera stóðir undir fyrirferðarmikil trúðshlutverkin þrjú. Það er mikið at, uppákomur býsna fyndnar og mikill bægslagangur. Eins og oftast í försum eru manngerðirnar það sem fyndið er og þurfa þá ekki endilega að hafa eitthvað skemmtilegt að segja. Jóhann sem Ari leikur er leiðindagaur, var á sínum tíma í leikriti Fo dyggur kommúnisti, en er nú bara heiðarlegur meðaljón sem vill hafa allt sitt á hreinu og skulda engum neitt. Konan hans Antonía er aftur myndin því hún hæðist stöðugt að manni sínum og vinkonu og þvælir þeim báðum í vef lyga og blekkinga sem þau hvorugt kunna að meta. Svo er hinn klassíska aðkomumaður sem alltaf er leikinn af sama

## LEIKLIST

**Við borgum ekki, við borgum ekki**

eftir Dario Fo

Þýðing og staðfærsla: Magnea Matthíasdóttir

Leikstjóri: Þröstur Leó Gunnarsson

Leikmynd: Stígur Steinþórsson

★★★

Óborganlegur farsí í þokkalegri sviðsetningu.

leikaranum og hrindir atburðarásinni áfram.

Það er engum blöðum um það að fletta að þau Halldór og

Marianna keyra þessa sýningu áfram og hún væri svipur hjá sjón án þeirra. Hin þrjú gera þetta eftir bókinni: Þrúður til dæmis óttaleg gufa og Jóhann hreinn kjáni þó hann leyni á sér og stal senunni gersamlega í eina, tvær mínútur, svo enginn sá né heyrði hvað var annað að gerast á sviðinu.

Ég hef efasemdir um staðfærsluna, sumt er fyndið hjá Magneu, annað ekki. En þetta var hressandi kvöldstund. Samt einhvern veginn eins og út úr kú af því staðfærslan virkar ekki alveg en uppákomurnar eru óborganlegar og Maríanna og Halldór gamanleikarar af guðs náð.

Páll Baldvín Baldvínsson



LEIKLIST Margrét (Þrúður) dælir vetni í taugatrekktan sérsveitarmann (Halldór) og Antonía (Maríanna) áttar sig á skelfilegum mistökum.

MYND/NÝJAISLAND/LR/LA

— FYRIR ALLA SEM ELDA —

## UNDIRSTAÐAN Í MATARGERÐ ÞJÓÐARINNAR



### TÍMARITIÐ GOTT Í MATINN

Ekki láta tímaritið *Gott í Matinn*, sem dreift er á öll heimili, fram hjá þér fara. Tímaritið er sneisafullt af gírnilegum og gómsætum réttum sem allir geta eldað.

— Ég elda, þess vegna er ég



### NÝR VEFUR

Finndu uppskriftir að gómsætum réttum með *Gott í Matinn* vörum á [www.ms.is/gottimatinn](http://www.ms.is/gottimatinn).

HVERNIG ELÐAR ÞÚ?  
[www.ms.is/gottimatinn](http://www.ms.is/gottimatinn)  
TAKTU PERSÓNULEIKAPRÓFIÐ

[www.ms.is/gottimatinn](http://www.ms.is/gottimatinn)



**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar

[www.help.is](http://www.help.is)

Auglýsingasími

512  
50  
50

FRÉTTABLAÐIÐ

— Mest lesið

**TERMINATOR SALVATION**  
Heimildarmynd um handboltlandslið Íslands á Ólympíuleikunum í Peking 2008

**management**  
frábær rómantísk gamanmynd

**Adventureland**

**Coraline 3D** m/3D tali

**STAR TREK XI**

SAMBIOIN ALFABAKKA			SAMBIOIN SELFOSS		
TERMINATOR SALVATION	kl. 8:00 - 10:30D	12	LAST HOUSE ON THE LEFT	kl. 8 - 10:20	16
MANAGEMENT	kl. 5:50 - 8 - 10:20	10	GOTT SILFUR GULLI BETRA	kl. 8	L
ADVENTURELAND	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12	CRANK 2	kl. 10:20	16
CORALINE 3D m/3D tali	kl. 5:50(3D)	L	SAMBIOIN AKUREYRI		
LAST HOUSE ON THE LEFT	kl. 8 - 10:30	16	GOTT SILFUR GULLI BETRA	kl. 8	L
HANNAH MONTANA	kl. 5:50	L	STAR TREK XI	kl. 10	7
STAR TREK XI	kl. 8 - 10:30	10	LAST HOUSE ON THE LEFT	kl. 8	16
STAR TREK XI	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP	LET THE RIGHT ONE IN	kl. 10	16
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/3D tali	kl. 6	L	SAMBIOIN KEFLAVÍK		
MANAGEMENT	kl. 6 - 8:10 - 10	10	TERMINATOR SALVATION	kl. 8 - 10:20	14
GOTT SILFUR GULLI BETRA	kl. 6 - 8	L	GOTT SILFUR GULLI BETRA	kl. 8	L
ADVENTURELAND	kl. 8:10 - 10:20	12	THE BOAT THAT ROCKED	kl. 10	12
CORALINE 3D m/3D tali	kl. 6(3D)	L	vertu aðdandi á FACEBOOK og þú gætir unnið vegleg verðlaun <a href="http://facebook.sambioin.is">http://facebook.sambioin.is</a>		
CORALINE 3D m/3D tali	kl. 10:20(3D) (ólektub)	L			



**JANUS BRAGI JAKOBSSON**  
Heimildargerðarmaðurinn útskrifast út Danska kvikmyndaskólanum á næstunni.

# Með netþætti um Vestfirði

Janus Bragi Jakobsson, sem er að útskrifast úr heimildarmyndadeild Danska kvikmyndaskólans, hefur fengið styrk frá Menningarsjóði Vestfjarða til að búa til heimildarmyndarþætti á netinu um lífið á Vestfjörðum.

auk hluta fjármagnsins. „Þetta svæði hefur haldið föstum tókum á mér síðan ég kom að heimsækja Mugison á Súðavík fyrir nokkrum árum,“ segir Janus, sem bjó í Reykjavík áður en hann fór út í nám. „Ég hugsaði með mér að þarna þyrfti maður að búa. Það er ekki bara landslagið heldur fólkið og andinn á svæðinu, sem er eitt-hvað svo bjartsýnn og tignarlegur.“

Már Finnbogason. Fjallar hún þrjá unga menn sem rifja upp gömul afrek, grípa í gítarana sína og leggja drög að nýrri hljómsveit. Myndin verður sýnd í Danmarks Radio næsta vetur og hugsanlega einnig í Ríkissjónvarpinu. Janus, sem flytur til Súðavíkur eftir útskriftina 14. júní, segir að námið í Danska kvikmyndaskólanum hafi verið mjög skemmtilegt. „Þetta er búið að vera mikið og strembið tímabil. Þetta eru fjögur ár þar sem maður er vakinn og sofinn í þessu alla daga. En maður fær mikla og góða athygli frá kennurinum og manni er treyst til að sjá um sig sjálfur.“

Ætlunin er að sýna einn þátt á viku frá og með ágúst næstkomandi þar sem spjallað verður við íbúana um lífið og tilveruna. Tónlistarmaðurinn Mugison ætlar að leggja til græjur og tónlist í verkefnið,

Útskriftarmynd hans úr kvikmyndaskólanum var sýnd á Skjaldborgarhátíðinni fyrir skömmu. Hún heitir The Gentlemen og með aðalhlutverkin fara útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson, Haukur Þórðarson og Sindri

freyr@frettabladid.is

**NÝTT Í BÍÓ!**

„STÓRBROTINN HASAR.“ „...FINASTA SPENNUMYND MED FLOTTUM HASARATRÍÐUM...“  
-V.J.V., FBL

CHRISTIAN SALE, SAM WORTHINGTON  
**TERMINATOR SALVATION**  
LUXUS ENDIRINN NÁLGASTI

NIGHT AT THE MUSEUM 2

LETT, NOTARLEGT OG FJÓLSKYLDUVENT MÖTVEGI VIB HASARMYNDIR SUMARSINS“  
-S.V., MBL

LEONARDO DICAPRIO  
**ENGLAR & DJÖFLAR**  
ANGELS & DEMONS

X-MEN WOLVERINE

14

CRANK

SMÁRRÁÐ BÍÓ Sími 564 0000			HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919		
TERMINATOR: SALVATION	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	TERMINATOR: SALVATION	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
TERMINATOR: SALVATION LUXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3:30 - 5:40 - 8	L	ANGELS & DEMONS	kl. 6 - 9	14
ANGELS & DEMONS	kl. 5 - 6 - 8 - 9	14	THE BOAT THAT ROCKED	kl. 10	12
X-MEN WOLVERINE	kl. 3:30 - 10:20	14	DRAUMALANDIÐ	kl. 6 - 8	L
MUMINÁLFARNIR	kl. 3:40	L			

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **750 kr.**

**ÓDÝRT Í BÍÓ!**

NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
ANGELS & DEMONS	kl. 5:30 - 8:30	14
X-MEN WOLVERINE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
BOAT THAT ROCKED	kl. 5:20 - 8	12
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 10:40	16

FEB 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓDANN MED KREDITKORTI

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

# Opið hús

Nemendur, kennarar og námsráðgjafar kynna námsframboð, skólann og félagslífið

**Þriðjudaginn 9. júní 2009 / 15:00 – 18:00**

Léttar veitingar og hressandi uppákomur

Allir velkomnir

**NÝTT Í BÍÓ**

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HOME

17 AGAIN

DIGITAL 3D

TERMINATOR SALVATION

ANGELS & DEMONS

17 AGAIN

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
HOME	kl. 5:30	L
TERMINATOR SALVATION	kl. 5:45, 8 og 10:15-POWER	14
CORALINE 3D	kl. 3:30 - 3D tali	L
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3:45 og 8	L
ANGELS & DEMONS	kl. 4, 7 og 10	14
17 AGAIN	kl. 10	L



# KÆLI- OG FRYSTITÆKI

SCAN  
domestic

ALLAR STÆRÐIR  
Á FLOTTU VERÐI



## 85sm KÆLIR

Scancool SKS126  
85sm og 110 lítra KÆLISKÁPUR.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd):  
84,5x50,4x51sm.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 54.995



## 85sm FRYSTIR

Scancool SFS100  
85sm og 85 lítra FRYSTISKÁPUR með 4  
skúffum og 6kg frystigetu á sólarhring.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 85x50,4x51,4sm.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 54.995



## 85sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKB160  
85sm KÆLISKÁPUR með FRYSTI og 3 glerhillum  
í kæli. 92 lítra kæli og 13 lítra frystir. Orkunýtni  
A. Mál (hxbxd): 85x55x57sm.

TILBOÐ

59.995

FULLT VERÐ 64.995



## 144sm FRYSTIR

Scancool SFS205  
144sm og 183 lítra FRYSTISKÁPUR með 4  
skúffum og 10kg frystigetu á sólarhring.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 144x55x57sm.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 84.995



## 144sm KÆLIR

Scancool SKS260  
144sm og 250 lítra KÆLISKÁPUR með 5  
glerhillum og grænmetisskúffu. Orkunýting  
A. Mál (hxbxd): 144x55x57sm.

TILBOÐ

69.995

FULLT VERÐ 79.995



## 144sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKF220  
144sm KÆLISKÁPUR með FRYSTI og 5 glerhillum  
í kæli. 167 lítra kæli og 45 lítra frystir. Orkunýtni  
A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 84.995



## 105sm KÆLIR

Scancool SKS190  
105sm og 176 lítra KÆLISKÁPUR með  
5 glerhillum og grænmetisskúffu.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 105x54x60sm.

TILBOÐ

74.995

FULLT VERÐ 79.995



## 105sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKB180  
105sm KÆLISKÁPUR með FRYSTI og 5 glerhillum  
í kæli. 150 lítra kæli og 14 lítra frystir. Orkunýtni  
A. Mál (hxbxd): 105x54x60sm.

TILBOÐ

76.995

FULLT VERÐ 83.995

REYKJAVÍK

SUÐURLANDSBRAUT 26  
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36  
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A  
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21  
480 3700



Heimilistæki

ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## > Fimm nýir með til Makedóníu

Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, þurfti að kalla á fimm nýja leikmenn í hópinn fyrir leikinn gegn Makedóníu á miðvikudag. Hermann Hreiðarsson, Indriði Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson eru í leikbanni. Eiður Smári Guðjohnsen er meiddur og Theodór Elmar Bjarnason dró sig út úr hópnum. Í þeirra stað voru valdir Jóhann Berg Guðmundsson, Hjálmar Jónsson, Guðmundur Steinarsson, Davíð Þór Víðarsson og Rúrik Gíslason.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## ÓLAFUR JÓHANNESSON OG EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: ERFITT AÐ SPILA GEGN HOLLANDI

# Þeir sundurspiluðu okkur fram og til baka

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari viðurkenndi eftir ósigur Íslands gegn Hollandi að íslenska liðið hefði farið full geyst af stað. „Ég tók áhættu með því að þykjast fara hærra á þá en þeir sundurspiluðu okkur fram og til baka. Það hefði svo sem ekki skipt miklu máli við hverja þeir voru að spila. En við gerðum þeim svo sannarlega ekki erfitt fyrir,” sagði Ólafur eftir leikinn.

Ólafur ákvað að stilla upp Eiði Smára Guðjohnsen í fremstu víglínu en ekki í frjálsu hlutverki á miðjunni eins og oft áður.

„Ég sagði um daginn að ég ætlaði að reyna að færa Eið aftur á völinn. Ég stillti honum svo upp sem framherja, sem var ekki í samræmi við það sem ég sagði. Auðvitað þurfum við að koma honum sem mest í boltann en okkur skortir enn þann framherja sem við höfum verið að leita að,” sagði Ólafur og viðurkenndi að besta staða Eiðs væri á miðjum völinum. Því er Eiður sammála.

„Ég spila þar sem þjálfarinn segir mér að spila,” sagði

Eiður um málið. „Ég ræð engu um það. En það gaf augaleið að þegar ég fór að færa mig aftur á völinn gekk betur að fá boltann og koma mér meira inn í spilið. Þessar fáu skyndisóknir sem við fengum komu ef til vill af því að ég var að fá boltann og koma einhverju af stað,” sagði Eiður Smári.

Ólafur skýrði einnig ástæðuna fyrir því að Bjarni Ólafur Eiríksson var á vinstri kantinum en Indriði Sigurðsson í bakverðinum – öfugt við leikstöður þeirra í leiknum í Skotlandi fyrir á árinu. Hann sagðist hafa verið búinn að ákveða að láta Indriða spila í stöðu bakvarðar.

„Emil hefði spilað í þessum leik ef hann hefði ekki meiðst. En ég var samt alls ekki ósáttur við frammistöðu þeirra Bjarna og Indriða í leiknum. Ég var svo sem ekki ánægður með liðið allt í fyrri hálfleik en á heildina litið var þetta í lagi,” sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari, sem nú heldur til Makedóníu með strákana sína þar sem þeirra bíður erfitt verkefni án lykilmanna eins og Eiðs Smára og Hermanns Hreiðarssonar.



## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður.	8
Besti leikmaður íslenska liðsins og sá til þess að Ísland var ekki niðurlægt í fyrri hálfleik. Gat lítið gert við mörkunum. Virkaði á köflum öruggur í aðgerðum en komst upp með það. Átti margar frábærar vörslur í leiknum.	
Grétar Rafn Steinsson, hægrí bakvörður.	5
Óvenju þunnt framlag frá Grétari. Lét leika sig á stundum grátt í fyrri hálfleik en óx ásmegin og var betri í þeim síðari. Vantaði miklu meira framlag frá honum í sókninni og ferðirnar upp kantinn of fáar.	
Hermann Hreiðarsson, miðvörður.	7
Ekkí sérstakur í fyrri hálfleik, líkt og aðrir, en steig heldur betur upp í síðari hálfleik. Gekk þá fram með góðu fordæmi, lét finna fyrir sér, barði frá sér og barði kjark í brjóst félaganna sinna.	
Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður.	7
Var magnaður í síðari hálfleik eins og Hermann. Stöðvaði fjölmargar sóknir og hollensku strákarnir fengu ekkert ókeypis hjá honum og Hermann í seinni hálfleiknum. Skoraði svo gott mark í lokin.	
Indriði Sigurðsson, vinstri bakvörður.	5
Óx ásmegin eins og öðrum leikmönnum. Indriði þekkir sín takmörk og er ekki að gera hluti sem hann ræður ekki við. Varðist vel í síðari hálfleik en hefði mátt stöðja betur við sóknina eins og Grétar enda leikmaður með góðar spyrnur.	
Stefán Gíslason, tengiliður.	3
Hægur og ekki nógu grimmur. Enn og aftur virkaði hann í það minnsta númeri of litill fyrir landsleiki. Hefði mátt fara fyrir af velli.	
Helgi Valur Danielsson, tengiliður.	3
Algjör farþegi í fyrri hálfleik og var réttilega tekinn af velli í hálfleik. Náði ekki að fylgja eftir góðum síðasta leik hjá sér, því miður.	
Pálmi Rafn Pálmason, tengiliður	4
Byrjaði á miðjunni en fór svo fram. Þar var hann ákaflega einmana oft á tíðum. Mátti ekki við margnum og svo vantaði kannski gæðin líka. Barðist þó vel allan tímann og gerði það sem hann gat.	
Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri kantmaður.	6
Stóð sig vel í nýrri stöðu og kom eflaust mörgum á óvart. Var áráðinn, duglegur og reyndi að búa eitt-hvað til, ólíkt flestum öðrum. Það gekk á stundum ágætlega. Einn besti leikur hans með landsliðinu.	
Birkir Már Sævarsson, hægrí kantmaður.	2
Áhorfandi með besta sætið á völinum. Var átakanlega slakur og tók nákvæmlega engan þátt í leiknum. Ótrúlegt að hann hafi fengið 90 mínútur. Hefur ekki enn sýnt að hann eigi skilið sæti í byrjunarliðinu.	
Eiður Smári Guðjohnsen, framherji.	6
Sem fyrr gerðist ekkert í sóknarleik íslenska liðsins á meðan hann var frammi. Bestu sóknartilburðir leiksins hjá Íslandi komu þegar hann fór inn á miðjuna þar sem hann á að vera.	

### VARAMENN:

Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á fyrir Helga Val á 46. mínútu.	7
Kom með mikinn kraft á miðjuna og veitti ekki af þar sem miðjumenn liðsins voru í hlutverki áhorfenda í fyrri hálfleik. Spilaði virkilega vel og hlýtur að vera í byrjunarliðinu á miðvikudag.	
Aron Einar Gunnarsson kom inn á fyrir Stefán á 68. mínútu.	6
Kom inn fyrir meiddan Stefán sem hefði átt að fara fyrir af velli. Miklu meiri kraftur í honum en Stefáni og hann skilaði meira á sínum tíma en Stefán á 68 mínútum. Íslenska liðið þarf líka á innköstum hans að halda enda kemur lítið út úr sóknarleiknum og föstu leikatriðin því liðinu mikilvæg.	
Arnór Smárason kom inn fyrir Bjarna Ólaf á 76. mínútu.	-



LEIKURINN AFGREIÐUR Mark van Bommel skorar hér síðara mark Hollands án þess að góður markvörður Íslands, Gunnleifur Gunnleifsson, fái rönd við reist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Svart og hvítt hjá Íslandi

Íslenska knattspyrnulandsliðið var tekið í kennslustund í knattspyrnu í fyrri hálfleik á Laugardalsvelli gegn Hollandi. Gunnleifur Gunnleifsson bjargaði liðinu þá frá niðurlægingu. Allt annað var að sjá til liðsins í síðari hálfleik.

**FÓTBOLTI** Holland tryggði sér far-seðilinn á HM í Suður-Afríku næsta sumar með sigri á Íslandi, 1-2, á Laugardalsvelli á laugardag. Mörk hollenska liðsins komu á fyrstu sextán mínútum leiksins en Kristján Örn Sigurðsson klóraði í bakkann fyrir Ísland undir lokin.

Fótboltinn sem Hollendingar spiluðu í fyrri hálfleik er einhver sá allra flottasti sem undirritaður hefur séð á Laugardalsvelli. Hollendingar hreinlega léku sér að íslenska liðinu og sundurspiluðu

það. Holland átti ellefu skot í hálfleiknum en Ísland aðeins eitt. Sú tölfræði segir meira en mörg orð um gang mála í hálfleiknum.

Nigel de Jong kom Hollandi yfir eftir níu mínúta leik með skalla af stuttu færi. Þar klikkaði varnarleikurinn og talningin í vörninni og var enginn að dekkja de Jong sem þakkaði fyrir sig. Ódýrt mark.

Síðara mark Hollendinga var einnig aðeins of ódýrt. Þá fékk Mark van Bommel allt af mikinn tíma til að athafna sig fyrir utan teig áður en hann skaut boltanum í markið. Að sama skapi fóru Hollendingar illa með sín bestu færi. Þá skutu þeir framhjá, í stöng eða létu Gunnleif verja frá sér en hann bjargaði oft vel. Holland hefði hæglega getað leitt með fjórum til fimm mörkum í hálfleik.

Það var allt annað íslenskt lið sem spilaði síðari hálfleikinn. Baráttan og grimmdin loksins til staðar og ljóst að menn ætluðu ekki að láta niðurlægja sig. Munaði þar miklu um að fá Brynjar á miðjuna sem var handnýtt í fyrri hálfleik. Menn fóru að berja frá sér og Hollendingar, sem reyndar lækkuðu sig um nokkra gíra, sköpuðu afar

lítið í síðari hálfleik. Íslenska liðið gerði það ekki heldur þó svo að betur hafi gengið að eiga við gestina úti á völinum. Liðið uppskar þó mark eftir horn undir lokin. Nær komst Ísland ekki.

Það er að sjálfsgöðu ekki hægt að kvarta mikið yfir því að hafa tapað með einu marki gegn frábæru liði eins og Hollandi. Leikur liðsins í fyrri hálfleik var samt langt frá því að vera ásættanlegur, sama við hvaða lið er spilað. Það er ekki boðlegt að byrja landsleik í síðari hálfleik.

Uppstillingin vakti nokkra athygli þar sem bakverðir voru í báðum kantstöðum. Það skilaði liðinu lítilli ógnun fram á við og hefði mátt bregðast fyrir við þar. Reyndar var skritið að betri kantmaðurinn var tekinn af velli.

Það er síðan algjörlega óskiljanlegt af hverju Eiður Smári er settur fremst. Það hefur margt sýnt sig að það gerist ekkert í sóknarleik Íslands með hann einan frammi. Það er ekki fyrr en hann dregur sig til baka sem eitt-hvað fer að gerast og þar á hann að sjálfsgöðu að spila.

henry@frettabladid.is

	<b>1-2</b>	
Ísland		Holland
Laugardalsv., áhorf.: 10.000 Mike Dean (7)		

0-1 Nigel de Jong (9.)  
0-2 Mark van Bommel (16.)  
1-2 Kristján Örn Sigurðsson (88.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	4–15 (2–9)
Varin skot	Gunnleifur 5 – Martin 1
Horn	2–7
Aukaspyrnur fengnar	10–16
Rangstöður	2–3

## ÚRSLIT Í UNÐANKEPPNI HM 2010

<b>1. RIÐILL</b>	<b>Finnland-Liechtenstein</b>	<b>2-1</b>	<b>Litháen-Rúmenía</b>	<b>0-1</b>
<b>Svíþjóð-Danmörk</b>	Mikael Forssell, Jonatan Johansson - Mario Frick.		<b>Serbía-Austurríkí</b>	<b>1-0</b>
- Thomas Kahlenberg.	1. Þýskaland 16, 2. Rússland 12, 3. Finnland 10,		1. Serbía 15, 2. Frakkland 10, 3. Litháen 9, 4.	
<b>Albanía-Portúgal</b>	4. Wales 9, 5. Aserbaíjan 1, 6. Liechtenstein 1.		Austurríkí 7, 5. Rúmenía 7, 6. Færeyjar 1.	
Erjon Bogdani - Hugo Almeida, Bruno Alves.		<b>6. RIÐILL</b>	<b>8. RIÐILL</b>	
1. Danmörk 16, 2. Ungverjaland 13, 3. Portúgal 9,		<b>Kasakstan-England</b>	<b>Búlgaría-Írland</b>	<b>1-1</b>
4. Svíþjóð 6, 5. Albanía 6, 6. Malta 1.		- Gareth Barry, Emile Heskey, Wayne Rooney,	Dimitar Telkiyski - Richard Dunne.	
<b>3. RIÐILL</b>		Frank Lampard (viti).	<b>Kýpur-Svartfjallaland</b>	<b>2-2</b>
<b>Slóvakía-San Marínó</b>	<b>7-0</b>	<b>Króatía-Úkraína</b>	1. Ítalía 14, 2. Írland 13, 3. Búlgaría 8, 4. Kýpur 5,	5. Svartfjallaland 4, 6. Georgía 3.
1. Slóvakía 15, 2. Norður-Írland 13, 3. Pólland 10,		Mladen Petric, Luka Modric - Andriy Shevchenko,	<b>9. RIÐILL</b>	
4. Tékkland 8, 5. Slóvenía 8, 6. San Marínó 0.		Oleksiy Gai.	<b>Ísland-Holland</b>	<b>1-2</b>
<b>4. RIÐILL</b>		<b>Hvíta-Rússland-Andorra</b>	<b>Makedónía-Noregur</b>	<b>0-0</b>
<b>Aserbaíjan-Wales</b>	<b>0-1</b>	1. England 18, 2. Króatía 11, 3. Hvíta Rússland 9,	1. Holland 18, 2. Skotland 7, 3. Ísland 4, 4. Make-	
- David Edwards.		4. Úkraína 8, 5. Kasakstan 3, 6. Andorra 0.	dónía 4, 5. Noregur 3.	
		<b>7. RIÐILL</b>		

Upplifið nýjasta Sims leikinn sem er mun stærri, opnari og fjölbreyttari en áður!

**SENDU SMS EST SIMS Á NÚMERIÐ 1900**

- ÞÚ GÆTIR UNND EINTAK!

Fullt af aukavinningum: Tölvuleikir, DVD myndir, gos og margt fleira!

**KOMINN Í ELKO!**

**9. HVER VINNUR!**

HEILKO

VEFVERSLUN 10.11

199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.



Sýndu þig  
í sumar

# SUMARKORT SPORTHÚSSINS

**Verð 9.900 kr.**

Kortið gildir til 20. ágúst '09

## > Ira Glass

„Það er ekki nóg að segja fréttir, það þarf líka að fylgja þeim eftir og skrá niður hvernig fólk er og hugsar, því seinna meir skipta þær upplýsingar líka máli.“

**Glass er umsjónarmaður This American Life sem SkjárEinn sýnir í kvöld.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR SÁ FRAMTÍÐ KARLS TH. BIRGISSONAR Í SPÆNSKA SJÓNVARPINU

### Orð skulu standa í sjónvarpsal

Það er ekki hlaupið að því að fjalla mikið um innlenda dagskrárgerð sjónvarps þessa dagana. Þar er fátt þess virði að tala um, og ég hef lítið kveikt á útvarpi. En einn er vænn í spænska sjónvarpinu; laufflétti menningarþátturinn Palabra por palabra.

Palabra er svona sjónvarpsútgáfa milljónþjóðar af þeim góða þætti Orð skulu standa, sem er á veturna á RÚV. Fögur kona og fötur glereygður karlmaður stýra. Leikar hefjast með því að kynntir eru fjórir gestir, sem komnir eru í sjónvarpsal til að keppa í orðagiski. Í hverjum þætti er ákveðið þema og á dögnum var þáttur sem fjallaði um orðaforða tengdan veiði.

Þar fóru fyrst fjórir karlar, stjórnandinn og þrír aðrir, vopn- aðir út í náttúruna og þóttust á „veiðilendum orðanna“. En í þessum tús voru engir skothvellir eða slátruð dýr, heldur birtust öðru hvoru orð úr veiðiskapnum á skjánum, meðan einn veiðimannanna fór yfir orðsifjar þeirra og notkun í öðru samhengi. Þá var klippt yfir í orð- orrustu í sjónvarpsal, þar sem gestirnir, tveir karlar og tvær konur, spreyttu sig á veiðiorðasamböndum.

En það var allt að gerast í þessum þætti, því næst var það „Orðið á götunni“. Gangandi vegfarendur yfirheyrdi um tunguna sína og gestirnir í sjónvarpsal látnir dæma, hvort fólkíð hefði skilið málið rétt. Og til að fjalla um tökuorð í spænsku voru tvær stúlkur, frá Bólivíu og Ekvador, látnar útskýra eitt orð hvor frá nýja heiminum. Aftur klippt í spurningakeppnina: sögðu þær satt? Stuttu síðar var barnaskóli heimsóttur og nokkur börn spurð spjörnum úr. Loks var lesið úr nýlegri skáldsögu og fjallað um orðaval höfundar. Gestir enn látnir giska. Og þættinum höfðu auðvitað borist bréf, þar sem áhorfendur bentu á bagalegt málfar í fjólmiðlum. Mjóslegni karlstjórnandinn las upp dæmin, meðan salurinn hló. Svo kom einn góður veiðiorðabrandari í lokin og viðstaddir ætluðu bara því sem næst að kafna úr hlátri.



Þarna bar sumsé margt á göma. Einhvern veginn þykir mér nú ólíklegt að íslensku stöðvarnar fari út í svo metnaðarfulla dagskrárgerð. Ég leyfi mér samt að mælast til þess að þau Karl Th, Davíð Þór og Hlín verði sett í sjónvarpsgallann næsta haust.

## MÁNUDAGUR



► **20.00 Extreme Makeover: Home Edition** STÖÐ 2



► **20.00 Batman & Robin** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.15 Grey's Anatomy** STÖÐ 2 EXTRA



► **21.00 One Tree Hill** SKJÁREINN



► **21.15 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leidarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (37:56)
- 17.53 Sammi (28:52)
- 18.00 Millý og Mollý (14:26)
- 18.13 Halli og risaæðlufatan (14:26)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Martín Clunes - Einn maður og hundarnir hans (Martin Clunes: A Man and His Dogs) (2:2) Í þessari heimildarmynd, sem er í tveimur hlutum, grenslast leikarinn góðkunnir Martín Clunes fyrir um skyldleika heimilishunda nútímans við forföður þeirra, viltta úlfinn.
- 21.00 Sólkerfið (Space Files: Sólín) (1:13) Stuttir fræðsluþættir um sólkerfið.
- 21.15 Lífsháski (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Sínd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmóti í fótbolta.
- 23.05 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) (e)
- 23.50 Hringiða (Engrenages) (3:8) (e)
- 00.40 Kastljós (e)
- 01.10 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 08.00 Beethoven: Story of a Dog
- 10.00 Home Alone
- 12.00 Batman & Robin
- 14.00 The Queen
- 16.00 Beethoven: Story of a Dog
- 18.00 Home Alone
- 20.00 Batman & Robin Mr. Freeze slæst í lið með klækjakvendinu Poison Ivy og ætlar að frysta Gotham-borg og fúða hennar. Þá skerst Leðurblökustúlkan í leikinn og berst hetjulega gegn illmenninum.
- 22.00 Born on the Fourth of July
- 00.20 Lady in the Water
- 02.10 Crank
- 04.00 Born on the Fourth of July

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Afram!, Ævintýri Juniper Lee og Kalli litli Kanína og vinir.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (25:25)
- 09.55 Doctors (1:25)
- 10.20 The Moment of Truth (11:25)
- 11.05 Logi í beinni
- 11.50 Grey's Anatomy (4:24)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Hollyoaks (206:260)
- 13.25 Can't Buy Me Love
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Galdrastelpumar og Ævintýri Juniper Lee.
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (24:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.35 The Simpsons (3:25)
- 20.00 Extreme Makeover: Home Edition (17:25) Fjórða þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmíðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
- 20.45 Perfect Day - The Millennium Sjónvarpsmynd í þremur hlutum í anda Four Weddings and a Funeral.
- 22.20 Love You to Death (1:13) Drep-fyndnir þættir, og það í bókstaflegri merkingu. Í hverjum þætti er sögð dagsönn saga af hreint lygilegum sakamálum sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast hjónum og ástríðuglæpum.
- 22.45 Entourage (6:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að sumir þeirra séu búnir að skapa sér þokkalegt nafn neyddust þeir í lokaðætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
- 23.10 Primer
- 00.25 Bones (13:26)
- 01.10 Marines
- 02.40 Can't Buy Me Love
- 04.10 Love You to Death (1:13)
- 04.35 Entourage (6:12)
- 05.00 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 07.00 LA Lakers - Orlando Útsending frá leik í úrslitarmunni í NBA.
- 16.45 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttarþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bak við tjöldin.
- 17.15 PGA Tour 2009 Útsending frá lokadegi Memorial Tournament.
- 20.15 LA Lakers - Orlando Útsending frá leik í úrslitarmunni í NBA.
- 22.00 10 Bestu - Pétur Pétursson Fyrsti þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Pétur Pétursson og hans feril.
- 22.45 Þýski handboltinn - Markaður Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handkattleikur á heimsmeilivörðum.
- 23.10 Kiel - Flensburg Útsending frá leik í þýska handboltanum.

## SPORT 2

enski boltinn

- 19.00 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 1997. Leikur Liverpool og Arsenal var fin skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.
- 19.30 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 20.00 Oliver Kahn - A Legend's Last Year Frábær heimildarmyndarþáttur um einn besta markvörð heims, Oliver Kahn. Í þessum þætti verður ferill hans skoðaður og hægt verður að kynna Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.
- 21.25 Liverpool - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.05 Review of the Season Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

## SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Óstöðvandi tónlist
- 17.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.20 The Game (5:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
- 18.45 America's Funniest Home Videos (31:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
- 19.10 Psych (15:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka at-hyglisgáfu sem þykist vera skygg og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)
- 20.00 This American Life (5:6) Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venju-legt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. Umsjónarmaður er Ira Glass.
- 20.30 What I Like About You (5:24) Bandarísk gamanseria um tvær ólíkar systur í New York.
- 21.00 One Tree Hill (20:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
- 21.50 CSI (21:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
- 22.40 Penn & Teller: Bullshit (1:59) Háðfluglamir Penn & Teller leita sannleikans.
- 23.10 The Cleaner (13:13) (e)
- 00.00 Flashpoint (1:13) (e)
- 00.50 Óstöðvandi tónlist

## INN

- 20.00 Í kalfæri Jón Kristinn Snæhólm ræðir við Guðmund Magnússon, Óla Björn Kárasón og Vilhjálm Egilsson.
- 20.30 Íslands safarí Akeem R. Oppang ræðir við Monicu Thadeus og Maríu Sigurðardóttur.
- 21.00 Frumkvöðlar í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.
- 21.30 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

VILTU KAUPA, SELJA EÐA LEIGJA?  
STÆRSTI OG ÖFLUGASTI  
FASTEIGNA- OG LEIGUVEFUR  
LANDSINS!  
YFIR 15.000 EIGNIR Á SKRÁ

VISIR.IS

FÉLAG FASTEIGNASALA

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 20.45

## Perfect Day – The Millennium

Annar hluti af þremur af þessari stórskemmtilegu rómantísku og gamansömu sjónvarpsmynd í anda Four Weddings and a Funeral. Í fyrsta hlutanum varð uppi fótur og fit í brúðkaupinu og vínahópurinn hefur sundrast. Í öðrum hluta förum við nú fimm ár aftur í tímann og hittum hópinn skömmu fyrir aldamót þegar allt lék í lyndi. Þriðji og síðasti hluti Perfect Day verður á dagskrá næsta mánudag.



## ▶ VIÐ MÆLUM

## Penn &amp; Teller: Bullshit SkjárEinn kl. 22.40

Þeir kalla sjálfa sig bolabíta sannleikans og takmark þeirra er að sanna að ýmislegt sem almenningur heldur að sé satt sé í raun aðeins helber lygi. Þeir eru staðráðnir í að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum og nota til þess m.a. faldar myndavélar. Penn & Teller verða á dagskrá síðla kvölds á SkjáEinum, mánudaga til fimmtudaga í sumar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38	Morgunvaktin	15.03	Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
06.40	Veðurfregnir	15.25	Fólk og fræði
06.50	Bæn	16.00	Síðdegisfréttir
07.03	Auðlindin	16.13	Hlaupanótan
07.10	Morgunvaktin heldur áfram	17.03	Víðsjá
08.00	Morgunfréttir	18.00	Kvöldfréttir
08.11	Morgunstund með KK	18.16	Spegillinn
08.30	Fréttayfirlit	19.00	Endurómur úr Evrópu
09.05	Okkar á milli	20.00	Leynifélagið
09.45	Morgunleikfimi	20.30	Kvika
10.03	Veðurfregnir	21.10	Framtíð lýðræðis
10.13	Stefnumót	22.07	Veðurfregnir
11.03	Samfélagið í nærmynd	22.12	Orð kvöldsins
12.02	Hádegisútlarp	22.15	Kvöldsagan: Sólón Islandus
12.20	Hádegisfréttir	22.45	Bláar nótur í bland
13.00	Vitt og breitt	23.20	Lostafulli lístræninginn
14.03	Dimitri og dívurnar þrjár	00.07	Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristlegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.45 Hollyoaks (205:260)

17.15 Hollyoaks (206:260)

17.40 ER (15:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.25 Seinfeld (9:13)

18.45 Hollyoaks (205:260)

19.15 Hollyoaks (206:260)

19.40 Seinfeld (9:13)

▶20.15 Grey's Anatomy (6:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramapáttar í heimi. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

22.00 Cold Case (21:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.45 Prison Break (19:24) Scofield-bræður eru að nálgast takmark sitt sem er að verða frjálssir menn. En til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

23.30 Fringe (20:21)

00.25 Sjáðu

00.50 ER (15:22)

01.35 Grey's Anatomy (6:24)

02.20 Fréttir Stöðvar 2

03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## BBC entertainment

11.05 Dalziel and Pascoe 11.50 After You've Gone 12.20 The Weakest Link 13.05 EastEnders 13.35 My Hero 14.05 My Hero 14.35 After You've Gone 15.05 Dalziel and Pascoe 15.55 Dalziel and Pascoe 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 After You've Gone 19.00 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps 19.30 Rob Brydon's Annually Retentive 20.00 Torchwood 20.50 Any Dream Will Do 22.20 My Hero 22.50 After You've Gone 23.20 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps 23.50 Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

11.30 Tæt på dyrene på giraffangst 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Chapper & Phæfar 14.15 S, P eller K 14.30 Monster allergi 15.00 Troldspejlet 15.15 Daffy som detektiv 15.20 Skarpt bevogtede får 15.30 Den travle by 16.00 I lære som stjerne 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Sommerminder 18.00 På opdagelse i Amazonas 19.00 TV Avisen 19.25 Hørsont 19.50 Sportnyt 20.00 Kriminalkommissær Foyle 21.35 OBS 21.40 Seinfeld

## NRK1

11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Ansikt til ansikt 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 I sørhellinga 13.00 NRK nyheter 13.05 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Små Einsteins 16.25 Vennene på Soflekk 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Når dyr reddar liv 17.55 Borettslaget 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 The Street 20.30 To og en ipod 21.00 Kveldsnytt 21.15 Inspektør Lynley 22.45 Verdens største fly 23.15 Kulturytt 23.25

## SVT 1

12.30 Elvira Madigan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Vårt hus - en mögell-alla 15.25 Sommartid 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Chris på skolbanken 16.45 Via Sverige 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Hammarkullen 19.00 Kapningen av Lufthansa 181 20.30 Kulturyheterna 20.45 Nip/Tuck 21.30 Plus sommar 22.00 Kärlek för alla 23.00 Sändningar från SVT24 04.00 Rapport 04.07 Regionalt 04.25 Gomorron Sverige



## Bragðgóðir...

... með kexinu

... á pítsuna

... í salatið

... í sósuna

... í súpuna

... í ostapinnana

... í köldu sósuna

... í pastaréttina

... í sælkeraréttina

... á tilboði!



ostur.is

## HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Hann er yndislegur, hefur alltaf verið það, ég vildi ekki hafa hann öðruvísi. Þegar hann var ennþá í leikskóla var áberandi hvað hann var fljótur að ná textum. Enn þann dag í dag, þegar fólk heyrir eitthvert lag, þá kemur alltaf: Manstu, þegar Ísak var að syngja þetta lag? Þetta kveikir ennþá á minningum hjá hans nánustu.“



Halldóra Gestsdóttir um son sinn Ísak Frey Helgason föðunarfræðing. Ísak eignaðist nýlega aðdáendaklúbb, en hann er þekktur úr þættinum Nýtt útlit.

## Spurningakeppni um fótbolta

Fyrsta pöbba-spurningakeppni fótboltasíðunnar Sammarinn.com verður haldin í kvöld klukkan 20 á Ensku barnum. „Við höfum verið með þetta í maganum í svölitinn tíma að standa fyrir „pub quiz“ þar sem fótboltanörðar geta komið saman og séð hver er manna fróðastur um fótbolta,“ segir Kolbeinn Tumi Daðason, annar ritstjóra Sammarinn.com. Hinn heitir Björn Berg Gunnarsson og saman sjá þeir einnig um Fótboltaþáttinn á Útvarpi Sögu á mánudögum og föstudögum.

Lítið sem ekkert hefur verið um að sérstakar spurningakeppnir um fótbolta séu haldnar á börum hérlandis og er framtak þeirra félaga því kærkomið fyrir fótboltaáhuga-

menn. „Áhuginn er til staðar og þetta verður eitthvað fyrir alla. Það verður rýnt til baka í söguna, hverjir skorðuðu og hverjir unnu,“ segir Kolbeinn og lofar skemmtilegri keppni.

Þátttaka er ókeypis og formið er hefðbundið þar sem tveir eru saman í liði. Efstu þrjú liðin fá í verðlaun einn metra af bjór auk þess sem bjórspurning verður á sínum stað. Reikna þeir félagar með því að keppnin verði haldin á nokkurra vikna fresti hér eftir.

-fb

**KOLBEINN OG BJÖRN** Félagarnir Kolbeinn Tumi og Björn Berg standa fyrir spurningakeppninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT 2.** grasþökur, **6.** tveir eins, **8.** neitun, **9.** fóstara, **11.** þys, **12.** yndi, **14.** krydda, **16.** guð, **17.** há, **18.** sprækur, **20.** tvíhljóði, **21.** vang.

**LÓÐRÉTT 1.** niður, **3.** öflug röð, **4.** upplifun, **5.** ögn, **7.** kvennabósi, **10.** eyrir, **13.** efni, **15.** sill, **16.** segi upp, **19.** ónefndur.

## LAUSN

16. rék, 19. n.

**LÓÐRÉTT 1.** ofan, 3. on, 4. reynsla, 5. 18. ern, 20. au, 21. kinn.

**LÁRÉTT 2.** tórf, 6. ff, 8. nei, 9. ala, 11. 12. nauðm, 14. grasa, 16. ra, 17. ull.



**KYNNAST ÍSLENSKA HESTINUM** Tökulið belgíska ríkissjónvarpsins vildi kynna öllum hliðum íslenska hestsins um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**EINAR BOLLASON: BELGAR VILDU UNÐANELDI**

## Íslenskt stóðlíf í Belgíu

Belgíska ríkissjónvarpið var hér á landi um helgina við að mynda heimildarþátt um íslenska hestinn. Íshestar, Ícelandair, Ferðamálastofa og utanríkisráðuneytið koma auk Belga að þættinum. Þátturinn fjallar um dýralíf í hinum ýmsu löndum og er sýndur á besta tíma.

Tökuliðið var hér á landi yfir helgina, en þáttastjórnandinn var leiddur í hestaferð af Svandísi Dóru Einarisdóttur, leikaranema og hestaleiðsögumanni hjá Íshestum. Farið var að Kjóstöðum og á Þóroddsstaði og fékk tökuliðið að kynna íslenska hestinum í fyrsta sinn. Fréttablaðið heyrði í Einari Bollasyni, framkvæmdastjóri

Íshesta, fyrir helgi. Hann bjóst við að margt myndi koma belgíska tökuliðinu á óvart, af reynslu sinni af erlendu sjónvarpsfólki.

„Þau gera sér enga grein fyrir hversu mikill snillingur íslensku hesturinn er. Fólk bara trúir þessu ekki þegar það fer að kynna kostum íslenska hestsins. Það verður alveg bergumíð. Þau lögðu líka mikla áherslu á það að vera í tengslum við íslensku sauðkindina. Nú eru öll nýfæddu lömbin að hlaupa um grundir og haga, þannig að það ber vel í veiði.“

Einnig var farið á hrossaræktar- bú. „Það er nú ekkert af verri endanum, það eru sjálfir Þóroddsstaðir í Grímsnesi, þar sem einn

frægasti stóðhestur landsins, Þór- oddur, er til húsa.“

Hann segir belgíska sjónvarpið mjög spennt fyrir undaneldi íslenska hestsins. „Við erum að vona að þau fái einhverja sýningu á Þóroddsstöðum. Þau báðu alveg sérstaklega um að þau gætu myndað einhvern góðan stóðhest „in action“. Við vonum bara að það standi vel á hjá Þóroddi.“

Einar treystir því að þátturinn verði góð landkynning. „Þetta er mjög mikilvægt, ekki bara fyrir íslenska hestinn heldur landið. Belgía er land sem ekki hefur verið ofarlega á listum yfir erlenda ferðamenn.“

kbs@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Megas og Senu-þjófanir héldu tónleika á Café Rosenberg í miðborg Reykjavíkur á laug-

ardagskvöld fyrir fullu húsi. Fluttu þeir flest af bestu lögum Megasar, þar á meðal Lóa Lóa, Reykjavíkurnætur og Spáðu í mig, og uppskáru dynjandi lófaklapp viðstaddra. Meistarinn á greinilega dygga aðdáendur úr hinum ýmsu kímum stjórnmálanna því á meðal áheyrenda voru sjálfstæðismaðurinn Gísli Marteinn Baldursson og sendiherrahjónin fyrrverandi **Jón Baldvin Hannibalsson** og **Bryndís Schram**, sem skemmtu sér hið besta rétt eins og aðrir tónleikagestir.

## Leikarinn Ívar Örn Sverrisson

kvæntist Örn Ösp Guðbrandsdóttur arkitekt á laugardaginn. Brúðkaupsveisla var haldin í blöðskaparveðri í Heiðmörk þar sem margir þekktir leikarar voru saman komnir til að samfagna kollega sínum, þar á meðal Friðrik Friðriksson og Álfur Örnólfsdóttir.



Stuðningsmenn hollenska landsliðsins í knattspyrnu voru áberandi í miðborginni eftir sigur sinna manna á Íslendingum. Kíktu þeir margir inn á Ólstofuna appelsínugulur á lit til að fagna sigrinum og jafnframt öruggu sæti Hollendinga á HM í Suður-Afríku á næsta ári. Ekki voru þeir þó bara ánægðir með gott gengi sinna manna því í spjalli þeirra við íslenskar barflugar kom í ljós að miðborg Reykjavíkur er einnig hátt skrifuð hjá þeim fyrir mikinn glæsi-leika og fegurð.

-fb



## LAGERSALA Opíð 13-18

Eldhúsvaskar  
Frá kr. 3.900

Blöndunartæki  
Frá kr. 3.900

Baðspeglar  
Kr. 990

**NÝ SENDING**  
Hitastíró tæki

Mikið úrval af krókum  
handklæðaslám  
og fl.



Sími: 894 1411 / 861-7540 • Norðurhella 10 Hafnarfjörður

## Skrautlegur leikhópur Þorleifs

Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri frumsýndi á föstudag Rómeó og Júlíu í kantónu St. Gallen í Sviss, en Filippía Elísdóttir og Vytautas Narbutas sjá um búninga og leikmynd. Á bloggi Þorleifs fer hins vegar tvennum sögum af uppsetningunni, en þar lýsir hann því yfir að fimmti þáttur verksins sé óþarfur og Rómeó og Júlía sé yfirborðskennur farsí með banal ástarsenum. Þá er leikhópurinn teiknaður sem einfaldningslegur hópur ófrumlegra listamanna.

„Uppsetningarferlið er auðvitað rosalega slungið, ég er með gyðing sem leikur Rómeó og austur-evrópska bombu sem leikur Júlíu, en þetta stefnir allt í að verða ansi magnað,“ segir Þorleifur.

Hann leyfir sannleiksgildi bloggsins að liggja á milli hluta. „Ég meina, hvar byrjar skáldskapurinn og hvar endar raunveruleikinn?“ Hann segir bloggíð innblásið af ævisögu Tom Waits. „Það er ömurlegt í bókinni þegar Waits fer að útskýra hvað er mýta og hvað ekki, ég bara hætti að lesa hana. Mýtan er miklu meira heillandi.“

„Eina ástín sem hægt er að skrifa um er sú sem á sér ekki stað, sem getur ekki gengið,“ segir Þorleifur á þeim nótum. „Ástín er í rauninni bara til í upphafinni list eða í einhverju ofboðslega privat. Þetta er eitt sterkasta afl sem til er í manninum, en við



**RÓMANTÍSKUR** Þorleifur Örn glímur við Shakespeare og ástina á blogginu sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

erum samfélagslega búin að afneita því. Þess vegna er ógeðslega gaman að takast á við Rómeó og Júlíu og finna leið til að í alvörnunni fjalla um tilfinninguna, ekki einhverja stæla.“

-kbs

# Welcome to Iceland



21st Century Breakdown  
Green Day

Betra verð  
2.499,-



Pet Sounds  
The Beach Boys

Betra verð  
1.399,-



Together Through Life  
Bob Dylan

Betra verð  
1.990,-



Relapse  
Eminem

Betra verð  
1.990,-



Songs For You, Truths For Me  
James Morrison

Betra verð  
1.990,-



The Fame  
Lady GaGa

Betra verð  
1.990,-



It's Not Me, It's You  
Lily

Betra verð  
1.990,-



Master Of Puppets  
Metallica

Betra verð  
1.990,-



Kind Of Blue  
Miles Davis

Betra verð  
1.990,-



Yes  
Pet Shop Boys

Betra verð  
1.990,-



Forty Licks  
The Rolling Stones

Betra verð  
3.499,-



No Line On The Horizon  
U2

Betra verð  
1.990,-



Lhasa  
Lhasa De Sela

Betra verð  
1.990,-



Passione  
Paul Potts

Betra verð  
1.990,-



Sounds Of The Universe  
Depeche Mode

Betra verð  
1.990,-

## Loksins á Íslandi!

Við bjóðum stærstu tónlistarmenn heimsins velkomna til Íslands.  
Nú getur þú nálgast erlenda tónlist í gegnum netið!

Þú getur valið um að kaupa stök lög og plötur eða fengið þér áskrift.  
Meira en **2,5 milljónir laga í boði!**



**Tónlist.is**  
Ekki bara íslensk tónlist



Prófaðu frítt í 7 daga!



**BAKÞANKAR**  
Gerðar Kristnýjar

## Stríðið hans pabba

Hverjum þeim sem heillast af bók ber skylda til að segja frá henni,“ segir í lögum bókaáhuga-fólks og nú hef ég hlotið um eina slíka. Fars krig heitir hún og er eftir Norðmanninn Björn Westlie. Landar hans voru svo hrifnir af henni að þeir veittu honum Brageprisen í fyrra. Fars krig er sannsöguleg bók þar sem Björn segir frá föður sínum, Petter, sem skráði sig í Waffen-SS í Seinna stríði og var sendur á vígstöðvagnar í Úkraínu. Hrifning hans á Þjóðverjum var slík að hann breytti ættarnafninu Vestli í Westlie.

**ÞJÓÐVERJAR** ásældust olúfildir og kornakra Úkraínu og var Petter og félögum hans lofað þar jarðarparti að stríði loknu. Björn veltir því fyrir sér hvernig líf hans hefði orðið hefðu Þjóðverjar sigrað. Hann hefði þá alist upp í Úkraínu þar sem heimamenn hefðu verið látnir þræla á ökrunum fyrir herraþjóðina. Petter kól illa á fæti í stríðinu en tókst þó að sleppa við aflimum. Hann lifði hildarleikinn af og sneri aftur til Noregs þar sem hann hlaut fangelsisdóm fyrir landráð. Petter leið fyrir fortíðina og flíkaði ekki reynslu sinni af vígstöðvunum.

**ÞAÐ** var ekki fyrr en hann var orðinn fjörgamall að Björn tók að ganga á hann. Sumt lét Petter uppi, annað ekki. Ekki bætti úr skák að feðgarnir töluðust ekki við árum saman eftir að Petter reiddist því heiftarlega að sonardóttir hans var frædd um íslam í fermingarundirbúningnum. Það féll gamla nasist-anum ekki. Loks tókst þeim feðgum þó að ná sáttum, sem betur fer því annars hefði bókin aldrei orðið til. Björn fór til Úkraínu í leit að svörum og eru kaflarnir þaðan magnadóir. Furðulítil ummerki finnst nú eftir alla Gyðingana sem eitt sinn bjuggu þar svo öldum skipti.

**EFTIR** jafnsláandi lýsingar kemur endirinn unaðslega á óvart því þar segir frá því þegar Petter, þá orðinn háaldraður, flutti úr miðborg Oslóar þar sem honum þótti innflytjendur orðnir heldur áberandi. Hann settist að úti á landi og leit aði þar lækni vegna gamla fóta-meinsins. Læknirinn kunnir sitt fag svo Petter leið betur í fætinum en nokkru sinni fyrr. Hann tók miklu ástfóstri við lækninn sinn og lauk á hann lofsorði við son sinn. Það væri auðvitað ekki í frásögu ferandi ef læknirinn hefði ekki verið ramm-útlenskur – Muhammed nokkur Iqbal frá Pakistan! Fars krig er ein þeirra dásemdabóka sem bíða þín á Bókasafni Norræna hússins.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 8. júní, 159. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.07	13.27	23.48
Akureyri 2.07	13.11	0.20

Heimild: Almanak Háskólans

Pað er tilvalið að fljúga á einn áfangastað okkar, þvælast um Evrópu á bílaleigubíl og fljúga heim frá öðrum áfangastað!

» Flug + bíll í Mið-Evrópu

# Leggðu Evrópu að fótum þér!

Fáðu þér bílaleigubíl frá Budget og keyrðu um Evrópu þvera og endilanga með fjölskyldunni! Nánar á [www.icelandexpress.is/budget](http://www.icelandexpress.is/budget)

**Vikufærð Ailt innifalið**

**Sæluvika í Svartaskógi** 22.-29. ágúst

Verð á mann í tvíbýli: **139.900 kr.**

Innifalið: Flug til Basel með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4\* Hotel Baren með fullu fæði allan tímann og íslensk fararstjórn.

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

**Lúxemborg** 16.-21. júlí

Verð á mann í tvíbýli: **89.900 kr.**

Innifalið: Flug til Frankfurt Hahn með sköttum og öðrum greiðslum, hótलगisting á 4\* Novotel Kirchberg í 5 nætur með morgunverðarhlaðborði.

**Evrópa er fjölskylduvæn**

Mamma, pabbi og börnin kætast saman á ferðalagi um Evrópu, því þar finna allir eitthvað við sitt hæfi. Skemmtigarðar, útivist, furðulegir dýragarðar, flatlendi, fjöll - og allt þar á milli. Svo er alveg grúpplagt að leigja bíl frá Budget og þvælast um, hún Evrópa er svo spennandi!

Bókaðu þína fjölskylduferð í sumar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

**Iceland Express** með ánægju

Nánar á [expressferdir.is](http://expressferdir.is) eða í síma 5 900 100

Express ferðir